

| tíska | heilsa | hönnun | jól | pistlar | matur | tíðarandinn | kórar | stjörnuþá |

birta
fækkar fötum

*Vala Matt, Kolfinna
& Magga Stína*

GEFA FÖTIN SÍN

MATUR » Aðventusnarl

JÓLABIRTA
» Í miðju blaðsins

INGUNN SNÆDAL

» Ef maður feikar þá
nær maður engu

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
8. – 14. desember

Jakki 13.190-



Fyrir þig og þá sem
þér þykir vænt um...






Jakki 11.290-
Buxur 7.390-

Jakki 11.190-
Pils 6.790-



NEXT

KRINGLUNNI · 551 3200



maybelline.com

MAYBE

MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE.®

Adriana Lima með Moisture Extreme varalit í litatón nr. 114 Anemone. Staðsetning: Battery Park NY

EINSTAKLEGA RAKAGEFANDI
FÆR LITINN TIL AÐ BLÓMSTRA!

MOISTURE EXTREME™ VARALITUR

GEFUR 3X MEIRI RAKA EN VARASALVI.

VER MEÐ SÓLARSTUÐLINUM SPF 15.
FÆST Í 36 GLÆSILEGUM LITATÓNUM.

nudes &
browns

reds &
corals

mauves &
plums

pinks

LLINE®
NEW YORK



Mitsubishi Colt er frábær bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann

Verð: 1.640.000 kr.

COLT

GERIR ALLT
FYRIR MIG



Stadalbúnaður MASC stöðugleikastýring • ABS hemlalæsivörn
EBD hemlajöfnunarkerfi • MATC spyrnustýring • Aksturstölv
Hiti í framsætum • Fjarstýrðar samlæsingar • Rafdrífnar rúðuvindur



Nýr jólakortavefur


PÓSTURINN
allur pakinn

Falleg og persónuleg jólakort
í tölvunni þinni á www.postur.is

Með Jólakortavefnum á www.postur.is
verða jólakortasendingar að lauflétri
skemmtun fyrir framan tölvuna.

Þetta er svona einfalt:

- Þú ferð inn á www.postur.is og smellir á „Jólakortavefur“
- Þú velur mynd eða myndir úr myndabanka Póstsins eða þínar eigin myndir til að senda viðtakendum. Þú getur sent viðtakendum mismunandi myndir.
- Þú skrifar textann á kortið. Þú getur sent viðtakendum mismunandi texta.
- Þú útbýrð heimilisfangalista á vefnum sem síðan uppfærir sjálfkrafa.
- Eftir að þú hefur lokið við kortin sér Pósturinn um afganginn:
Sendir kortin til prentsmiðju þar sem þau eru prentuð og þeim pakkað;
Pósturinn sér svo um að koma þeim til viðtakenda, heim að dyrum.

**Sparaðu tíma og fyrirhöfn,
sendu falleg jólakort.
Þú hagnar - við prentum
og dreifum.**



www.postur.is



24



22



Jóla birta



50

Þetta helst

- 11 Fiðrildi og fjaðrir
- 12 Gefðu þér gjöf
- 14 Brennsla Brynju Pétursdóttur
- 16 Ef maður feikar þá nær maður engu

Greinar og viðtöl

- 18 Tendra saman ljós á tré
- 22 Alice Olivia Clarke: Verkin kalla á mig
- 24 Vala Matt, Kolfinna og Magga Stína gefa fötin sín
- 28 Kvinnadeild Slysavarnafélags Íslands
- 50 Öfgafull útlitsdýrkun

Hann/hún

- 30 Matur: Aðventusnarl
- 36 Einstakir persónutöfrar Evu Green
- 38 Tíska: Prúðir piltar
- 40 Tískuíkonið Sarah Jessica Parker
- 41 Hamingjan er ekki undir pálmatrjánnum
- 42 Emilía Örlygsdóttir elur upp
- 44 Tryggvi Gunnarsson segir kynjasögur
- 44 Stjörnuspá
- 48 Vinsælustu ilmvötnin

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



www.mk.is

Vertu á flugi í vinnunni

Flugþjónustunám

Undirbúningsnám fyrir þá sem vilja starfa í farþegarými flugvéla.

Námið er ein önn, 14 vikur, og hefst 15. janúar 2007. Kennst er síðdegis mánudaga-fimmtudaga og frá hádegi föstudaga.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri, vera með stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott vald á tveimur erlendum tungumálum.

Innritun lýkur 15. desember



FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM

Ferðamálastólinn við Digranesveg
Sími: 594 4020 | fsk@mk.is | www.mk.is

Texti: BRYNHILDUR
Mynd: STEFÁN

Fíðrildi og fjaðrir, fjólublátt og svart

Í ár ætlum við ekki að segja myrkrinu stríð á hendur heldur sameinast því. Svart og fjólublátt, litir rökkurs og myrkurs, eru jólalitirnir í ár, með silfurhrími frosts og kulda.

Fíðrildi og fjaðrir sjást líka í öllum jóla-skreytingum og hvort tveggja táknar umbreytingu, fíðrildin minna á endurkomu vorsins og sólarinnar en fjað-

irnar minna á syndir fallinna engla sem fara hamföllum og endurfæðast sem breyskir menn. Þannig spinnur sakleysið jólavef með treganum á þessum myrkasta tíma ársins þegar við fögnum endurkomu sólarinnar, kveðjum eitt ár með öllum sínum syndum og fögnum því nýja, hrein eins og nýfallnir englar. Fíðrildi og fjaðrir, fjólublátt og svart.

| heitt & kalt |

BÆKUR. Að gefa bók í jólagjöf er jafn íslenskt og sviðakjammí. Það skiptir engu máli hvað keypt er, hún er gjaldmiðill sem alltaf er hægt að skipta í eitthvað annað.

ÆVINTÝRAMYNDIR. Lord of The Rings kom sá og sigraði. Nú ætlar Eragon að gera það sama og Harry Potter er aldrei langt undan.

JÓLADISKAR. Jólalög koma manni í gott og gilt jólaskap en það er bara svo mikið af rusli inn á milli.

MUNSTRUÐ BINDI. Einfalt, herralegt og stílhreint eru lykilorðin. Munstrin eru búin og þverrendurnar að deyja út.

LANDSBYGGÐIN VS. HÖFUÐBORGIN. Við erum ein þjóð og öll Íslendingar sem eignum að vinna saman. Hvaða máli skiptir hvort maður á heima á Kópaskeri eða Kópavogi?

GEFÐU ÞÉR GJÖF

Á jólonum eyða flestir heilmiklum peningum í sjálfa sig og sína nánustu og allt gott um það að segja. Það er þó við hæfi á þessum árstíma að muna eftir þeim sem minna mega sín og eiga um sárt að binda yfir hátíðarnar. Það er ekki erfitt að styrkja gott málefni á jólaföstudni og jafnvel slá tvær flugur í einu höggi og leysa jólakorta- og jólagjafamál og láta gott af sér leiða í leiðinni.

GEFÐU GEIT. Ein geit getur bjargað heilu þorpi í vanþróðu landi frá vannæringu og kulda og kostar ekki nema 2.400 krónur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Flestir eiga hvort sem er allt sem þeir þurfa og meira til og þeim líður örugglega betur á jólonum að vita að einhvers staðar í heiminum er geit sem heitir í höfuðið á þeim.



Sá fallegi og gamalgróni siður að **SENDA JÓLAKORT** hefur farið nokkuð halloka fyrir jólakveðjum í smáskilaboðum eða tölvubrэфum. Enn eru samt fjölmörg góðgerðasamtök sem gefa út jólakort og með því að kaupa þau er verið að styrkja gott málefni og senda vinum sínum skemmtilega kveðju í leiðinni. Hversu oft fær maður eiginlega gluggalaust bréf?

HJÁLPRÆÐISHERINN hefur um áratuga skeið haldið jól fyrir þá sem minna mega sín í Herkastalanum við Kirkjustræti. Fjáröflun hans er með ýmsum hætti, meðal annars standa hermenn í Kringlunni og selja tímaritið Herópið. Með því að fjárfesta í einu Jólherópi og greiða kannski aðeins ríflega fyrir það ertu að bjóða einhverjum í jólaboð sem annars ætti hvergi höfði sínu að halla.



JÓLIN ERU HÁTÍÐ KÆR-LEIKA og fríðar og með því að gefa af þér fyrir jólin ertu að tryggja þér alvöru jólaskap og gleðileg jól. Frá þér til þín.

ÞEIM SEM EIGA ALLT, bæði börnum og fullorðnum, er hægt að gefa í jólagjöf miða á hina árlegu tónleika til styrktar krabba-meinssjúkum börnum sem Concert standur fyrir sjötta árið í röð.



Þar koma fram ýmsir þekktir listamenn eins og Nylon-flokkurinn og allur ágóði rennur til félagsins. Mikil og hátíðleg skemmtun bæði fyrir börn og fullorðna og frábær jólagjöf frá afa og ömmu sem á eftir að sitja lengi í minningunni.



EITT ÞAÐ DÝRMÆTASTA sem við eignum er tíminn og því er tími ein fallegasta gjöf sem hægt er að gefa. Taktu þér tíma og hringdu í einhvern sem þú veist að kann að meta það. Ef allir sem þú þekkir eru jafn önnum kafnir og þú skaltu bjóða þig fram til að svara í símann hjá Vinalínunni. Þú gerir ekki meira gagn á jólaföstudni en með því að ljá tíma og eyra þeim sem eru einmana og óhamingjusamir.

Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma.

Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma.

Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða enduruninn.

Látum gott af okkur leiða um jólin

Sharp GX 17

9.900 kr.

live! símtæki



Motorola PEBL

19.900 kr.

live! símtæki

Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Nokia 6070

13.900 kr.

live! símtæki



gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...
Brynja Pétursdóttir danskennari

Hiphophaus af lífi og sál

Brynja Pétursdóttir er hiphophaus af lífi og sál eins og hún orðar það sjálf. „Mín sena er hiphop, og ég bömpa þessum lögum við hvert tækifæri,“ segir Brynja. „Einnig hlusta ég á soul, funk, reggae, dancehall, R´n´B. Yndislega einfalt.“ Þessa dagana er Brynja að kenna hiphop og reggae-dans í Árbæjarþreki og er í öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands, en lítum á hvaða lög eru í uppáhaldi hjá henni.

- LAG 1** **Stjáni Blái og Kötturinn Felix - Nautahakk.** Íslenska senan er í sókn í lok 2006. Bent var að gefa út nýja plötu, Dóri DNA & Danni Deluxe eru að dropa einni heitri pulsu og ekki má gleyma Forgotten Loes.
- LAG 2** **Biggie Smalls - What´s beef.** Þið sem klóruðuð ykkur í hausnum yfir síðasta titli, ættuð að frelsast við að hlusta á þetta lag. Þetta verður að vera á hreinu, í alvöru talað. Og Biggie, ég elska þig.
- LAG 3** **Jah Cure - Longing for.** Þetta er klílllllllllkkkað lag. Eitt besta nýja reggae-lag sem ég hef heyrt. Reyndar er gaurinn í fangelsi fyrir eitthvað andstyggilegt sem svertir upplifunina en svona er þetta.
- LAG 4** **Outkast - Hootie hoo.** Þú kallar bara „hootie hoo“ þegar popo rúllar upp. Það er ekki hægt að velja eitt Outkast lag, þeir hnerra góðum lögum. Þeir eru jafn ferskir og endalaust kúl eins og gamlir Chevys.
- LAG 5** **Chaka Demus & Pliers - Murder she wrote.** Þetta lag, þetta lag, þetta lag. Ég tek það fram að þessir gaurar lögðu drögin að stefnunni sem við þekkjum í dag sem dancehall.
- LAG 6** **DMX - Ruff Ryders Anthem.** Manstu eftir fjórthjólunum í myndbandinu? Ég elska DMX, og af hverju þá ekki að minnst á „The Anthem“. Jájá, svolítið tæpur á því en við dýrkum hann samt.
- LAG 7** **Trick Daddy ft. Ying Yang Twins- Down With The South.** Það jafnast ekkert á við eitt grimmt klúbballag til að hæpa sig upp fyrir skemmtilegan danstíma. Þetta lag er tileinkað B-Crewinu mínu.
- LAG 8** **R. Kelly ft. Isley Brothers - Down Low.** Með Zorro-grímu eða gefandi út gullsturtur eins og Chino XL hendir úti myndlíkingum. Ekki annað hægt en fíla R. Kelly. Eitt eftirminnilegasta combo síðari tíma.
- LAG 9** **Run DMC - My Adidas.** OK. Þríeykið sem startaði GOMMU af hlutum. Þetta lag er ferskt, fyndið og um skó. Punktur. Fjú, ég vildi að ég hefði verið uppi á þessum tíma. R.I.P. J.M.J.
- LAG 10** **Tupac - Keep ya head up.** Galdramaðurinn Pac, hann er engu líkur. Þetta lag er af öðrum sólódisknum hans. Hann var hundur, en með tanderhreint hjarta. Guð, hvað ég sakna hans.

» birta mælir með ...



... ÞÓRSBAKARÍÍ Í ÁRMÚLANUM
Æðislegur staður þar sem besta brownies í bænum fæst og ekki skemmir fyrir að latteið er bæði gott og ódýrt. Það er vel þess virði að kíkja þar við.



... JÓLADISKI BAGGALÚTS
Hinn bráðskemmtilegi jóladiskur Baggalúts er skyldueign fyrir alla þá er vilja dilla sér um jólin. Diskurinn heitir Jól og blíða og inniheldur skemmtilegar jólaútgáfur af vinsælum slögurum úr tónlistarsögunni. Sungið er um rjúpur og rauðkál, jólaboð og jötur, allt það sem góðan jóladisk þarf að þrýða.

... KONU TÍMAFLAKKARANS, fyrstu skáldsögu Audrey Niffenegger, sem slegið hefur í gegn. Yndisleg bók um sérstakt ástársamband Henry og Clare. Henry þjáist af sjaldgjæfum sjúkdómi sem lýsir sér í því að hann flakkar um tímann fyrirvaralaust. Frábær bók.



Jólailmur frá Crabtree and Evelyn

NÝTT

Það eru engin jól án rétta andans og hann næst nú víst ekki nema að rétti ilmurinn sé fyrir hendi. Í Blómavali í Skútuvogi fæst hinn eini og sanni jólailmur („noel“) frá fyrirtækinu Crabtree and Evelyn, en hann er samblanda af kanel- og furuilmum og fæst í hinum ýmsum formum, meðal annars sem kerti, reykelsi, baðsölt og í úðabrusum. Skemmst er frá því að segja að síðan Blómaval fór að taka inn ilm-vörur frá fyrirtækinu hafa þær verið tættar út úr búðarhillunum. Alveg tilvalið til að koma manni í rétta skapið fyrir, um og eftir jólin.



Mjúkir pakkar

í miklu úrvali

Latabæjar
vettlingar
st. 2-6

1.499kr

Latabæjar
húfur
st. 50-56

1.699kr



Peysa
st. 92-122

TILBOÐ
1.499kr
Verð áður 1.999,-



Bolur
st. S-XXL

TILBOÐ
1.999kr
Verð áður 2.499,-



Gjafasett
ungbarna 5 stk.

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 1.999,-



Hettupeysa
st. 92-122

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 2.999,-



Bolur
st. 7/8-14

TILBOÐ
1.999kr
Verð áður 2.499,-



Flauelsjakki
st. 68-90

TILBOÐ
2.399kr
Verð áður 2.999,-



Peysa
st. 2/3-5/6

TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.499,-



Hettubolur
st. 128-176

TILBOÐ
1.999kr
Verð áður 2.499,-



Hettuúlpa
st. 68-90

TILBOÐ
2.399kr
Verð áður 2.999,-



Peysa
st. 92-122

TILBOÐ
1.299kr
Verð áður 1.699,-



Peysa
st. 128-176

TILBOÐ
2.499kr
Verð áður 2.999,-



Gildir til 15. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



» EF MAÐUR FEIKAR ÞÁ NÆR MAÐUR ENGU «

Ljóðabókin Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást vann til bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar í haust og bókin féll svo vel í kramið að fyrsta prentun seldist upp á skammri stundu sem er fáheyrt þegar um ljóðabók er að ræða. Metsöluljóðskáldið Ingunn Snædal gaf sér tíma til að segja aðeins frá ljóðabókinni sinni áður en hún fór heim á Jökuldal til að lesa upp úr bókinni. Lára Snædal Boyce, sex ára, var með mömmu sinni í viðtalinu.

KOM ÞÉR ÞETTA Á ÓVART?

Já, þetta hefur allt komið mér mjög á óvart, bæði það að ég skyldi sigra í samkeppninni og að bókin skyldi seljast upp. Ég tók þátt í keppninni meira til að vera með en nokkuð annað. Ég hef alltaf verið að skrifa en það er bara heima í skúffu.

BÓKIN ER SVO SKEMMTILEGA SAMSETT. ER HÚN SKRIFUÐ SEM EIN HEILD?

Nei, ég skrifaði þessa bók sem sögu. Ég var búin að setja saman handrit úr ljóðum sem ég hafði skrifað en svo skipti ég um skoðun í vor og langaði meira til að senda eitthvað annað. Svo ég tók sögu sem ég átti, sem var lengri en smásaga en samt ekki bók og sleit hana í sundur og setti í ljóðabúning og kryddaði með ljóðum héðan og þaðan. Ljóðin eru ekki ort í þeirri röð sem þau birtast í bókinni, eitt þeirra orti ég þegar ég var átján ára, hálf sé nú reyndar eftir að hafa haft það með. En það passaði samt svo vel.

MARGIR HAFA ÁHYGGJUR AF HEILSU OG LÍFSMÖRKUM LJÓÐSINS. HVERNIG LÍÐUR LJÓÐINU?

Ljóðið hefur það bara þrýðilegt. Ég les mikið af ljóðum, yrki mikið, gef ljóð í tækifærisgjafir og sama gerir fjölskylda mín og vinir. Ljóðið hefur líka fundið sér farveg á netinu og meira að segja í SMS-skilaboðum. Ég hef engar áhyggjur af ljóðinu.

Í BÓKINNIN ERU NOKKUR SMS-LJÓÐ. YRKIR ÞÚ Á SMS?

Þetta eru allt saman skilaboð sem ég sendi þegar ég var að ellast við kærustuna mína. Svo skrifaði ég þau einhverntíma upp í bók og gaf henni í jólagjöf og þegar ég var að skrifa þessa bók þá datt mér í hug að hafa

þau með. Á þessum tíma langaði mig til að yrkja á SMS en svo komst ég að því að það yrði sennilega þreytandi að lesa mörg í röð.

ERTU ALLTAF AÐ SKRIFA?

Ég skrifa alltaf eitthvað á hverjum degi og oft í tímum í skólanum þegar mér leiðist. Ég er reyndar í meistaranámi í íslensku núna og það er svo gaman að ég yrki lítið. Ég hef skrifað bæði barnabækur, ljóð og sögur og er hvergi nærri hætt. Ég er búin að lofa systur minni sem er sú eina af systkinum mínum sem er ekki með í bókinni að hún fái að vera með næst og ég get ekki sviðið það.

HVAÐ ER MIKILVÆGAST AÐ HAFA Í HUGA VIÐ SKRIFTIR?

Maður verður að vera sannur. Stundum er það dálítið sárt og stundum mjög vont en fólk fær meira út úr því að lesa um alvöru tilfinningar og hluti. Maður verður að fara alla leið og ef maður feikar þá nær maður engu.

FINNST ÞÉR EKKI ÓÞÆGILEGT AÐ SÝNA FÓLKI SVONA LANGT INN Í SÁLARLÍF ÞITT?

Jú auðvitað. En ég er ekki staðreyndaskrásetjari og þetta er ekki raunsonn lýsing á því sem gerðist einhverntíma. Ekki eru allar aðstæður í bókinni sannar en tilfinningarnar eru það. Til að ná fram tilfinningunni eins og hún var þá bý ég til atburð. Og ég lýg samviskulaust upp á mína nánustu og sjálfa mig reyndar líka.

Svo við vitnum í bókina: Alveg eins og hann/eða alveg eins og minningin um hann/ sem er ekki endilega það sama? Sem er pottþétt ekki það sama.

NÝTT FYRIR JÓLIN



ART2623
Litir: rautt - svart
stærðir: 18-21
Verð: **5.995 kr.-**



FUT8942
Litir: rautt - svart
stærðir: 24-30
Verð: **4.995 kr.-**



EUR413905
Litir: silfur, svart
stærðir: 34-39
Verð: **3.995 kr.-**



E-73332
Litir: svart
stærðir: 27-35
Verð: **6.495 kr.-**



FUT9346
Litir: hvítt, svart
stærðir: 31-36
Verð: **4.995 kr.-**



LLOGRANGER
Litir: svart
stærðir: 40-47
Verð: **16.995 kr.-**



SPR90856
Litir: svart
stærðir: 40-45
Verð: **5.995 kr.-**



SPR90856
Litir: brúnt
stærðir: 40-45
Verð: **5.995 kr.-**



ROM1502
Litir: brúnt
stærðir: 41-47
Verð: **5.495 kr.-**



PET71267
Litir: svart
stærðir: 36-41
Verð: **15.995 kr.-**



EUR13912
Litir: svart
stærðir: 36-41
Verð: **7.995 kr.-**



ARA61866
Litir: svart
stærðir: 35-42
Verð: **7.995 kr.-**



ROM2502
Litir: brúnt
stærðir: 41-47
Verð: **5.495 kr.-**



LLO94550
Litir: svart
stærðir: 36-41
Verð: **22.995 kr.-**



ARA49435
Litir: svart
stærðir: 36-42
Verð: **18.995 kr.-**



ARA61282
Litir: svart
stærðir: 36-42
Verð: **10.995 kr.-**



NEUR19828
Litir: beis
stærðir: 36-41
Verð: **3.995 kr.-**



NEUR19955
Litir: beis
stærðir: 36-42
Verð: **2.995 kr.-**



ARA36114-18
Litir: beis
stærðir: 35-42
Verð: **6.995 kr.-**

*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM VERDBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) | KRINGLAN (568 9212)

*SENDUM Í PÓSTKRÖFU

Tendra saman ljós á tré

Ómþýður kórsöngur hljómar út á Hlemmtorgið úr húsnæði Domus Vox söngskólans. Þar eru um 230 söngkonur á öllum aldri að æfa fyrir jólatónleika í Hallgrímskirkju 12. og 13. desember undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og

þótt mikið standi til þá er stemningin afslöppuð. Þarna eru kvennakórarnir tveir, Gospelsystur Reykjavíkur og Vox feminae, ungmennakórinn Vox junior, Stúlknakór Reykjavíkur í þremur deildum og Syngjandi forskóli. Aldur þátttakenda er frá fjögurra

ára og upp úr. Mikið er um skyldleika innan kóranna, mæðgur, systur og systradætur, þrjá ættilið og allskonar tengsl, fyrir utan það að allar eru systur í söngnum. Við fáum nokkra hópa til að segja okkur sitthvað um kórstarfið og það sem framundan er.



Í fremri röð eru Stella og Heiða og þeirri aftari Karen Nadía, Ingibjörg og Anna.

Magnað að syngja á stórtónleikum

Systurnar Stella og Ingibjörg Óladætur eru meðal gyðjanna í Vox feminae og dætur þeirra og systurdóttir feta í fótsporin. Auðheyrt er á mæðrunum að þær eru ekki í vafa um gildi söngsins fyrir ungu stúlkurnar. „Það er mikið uppeldisstarf sem hér fer fram og Margrét er einstök kona sem fær alla með sér,“ segir Stella. Karen Nadía Pálsdóttir er 19 ára dóttir Stellu. Hún og frænka hennar, Anna Henningsdóttir 17 ára, eru í Vox junior og Karen Nadía einnig í Vox feminae. Báðar læra líka einsöng hjá Margréti. Heiða Garðarsdóttir, dóttir Ingibjargar, er átta ára nemandi í Salaskóla og er að hefja sinn þriðja vetur í stúlknakórnum. „Ég byrjaði þegar ég var fimm ára um leið og ég hafði aldur til,“ útskýrir hún.

Eins og kvennakórarnir fara stúlknakórarnir í söngferðir til útlanda og ungu stúlkurnar segja það alltaf spennandi. Allar hlakka þær svo heimikið til tónleikanna í Hallgrímskirkju þann 12. sem nefnast Tendrum ljós á tré. „Það er ótrúlega magnað að syngja á svona stórum tónleikum. Þarna verður strengjakvartett, ásamt okkur, 230 konum og stúlkum,“ segir Stella. „Og Margrét stjórnar þessu öllu,“ bætir Ingibjörg við. „Hún er frábær kórstjóri og kennari.“

Frá söngnum eina önn til að eignast tvíbura

Dóttir, mamma og amma eru næstu viðmælendur, þær Sigrún Helga Sigurðardóttir, Sigríður Anna Ellerup og Sigrún Reynarsdóttir.

Yngri Sigrúnin er nýorðin fjögurra ára en er samt búin að fara á tvö námskeið og er í hinum syngjandi forskóla. „Litlu stúlkurnar hafa sýnt mikinn dugnað við að læra lög og texta og æfa sig,“ segir móðir hennar

og þakkar það meðal annars samstöðu foreldranna. „Við

mætum hér með þeim á laugardagsmorgnum og syngjum og tröllum með þeim. Stundum fær amma að koma líka svo allir taka þátt.“

Sjálf kveðst Sigríður Anna hafa sungið með kórum Margrétar frá byrjun, eða í 13 ár. „Mér finnst það ofsalega gaman og gefandi. Hef reyndar einu sinni sleppt úr önn, þegar ég eignaðist tvíbura og stöku sinnum tekið styttri frí vegna lögfræðináms.“ Sigríður Anna er í Vox feminae og upplýsir að kórinn hafi verið að gefa út geisladiskinn Ave María sem tekinn var upp í Hallgrímskirkju.

„Með því að taka diskinn upp þar erum við að reyna að fanga þennan anda sem oft skapast í söngferðalögum erlendis í stórum kirkjum, þar sem við höfum flutt trúarleg verk,“ lýsir hún.

Sigrún Reynarsdóttir er í Gospelsysturum. Hún minnst með gleði margra utanlandsferða, meðal annars til Ítalíu til að syngja fyrir páfann, einnig til Ameríku þar sem sungið var bæði í New Orleans og New York. En hvenær skyldi hún hafa byrjað? „Ég byrjaði 1996 eða 7 og fór fyrst í kórskóla hjá Margréti. Svo þurfti ég að taka inntökupróf og það var meira en að segja það að þurfa að syngja ein. En inn komst ég og þetta er aldeilis búíð að vera gaman.“



Sigrún, Sigríður Anna og Sigrún Helga.



3ja sæta leðursófi 107.800 kr. - 2ja sæta 90.500 kr. – Stóll 64.900 kr.



Leðurhornsófi með tungu 245x315 - 318.200 kr.

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22

SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Söngstarfið styrkir og eflir stelpurnar

Sigríður Helga Sigurðardóttir og þrjár dætur hennar eru saman á æfingu fyrir stórtónleikana í Hallgrímskirkju.

Systurnar eru þær Gyða 16 ára, Elínóra 13 ára og Guðný 10 ára Guðmundsdætur. Gyða lætur sér ekki einn kór nægja heldur er bæði í Vox junior og Vox feminae og æfir því tvisvar í viku. Hún er framhaldsskólánemi en trúir blaðamanni fyrir því að hún mæti frekar á kóræfingar en í félagstarf í skólanum sínum. Guðný byrjaði í stúlknakórnum sex ára en mæðgurnar gantast með að hún hafi byrjað að þjálfa tóneyræð þegar hún var í maganum á mömmu sinni. Elínóra er líka í stúlknakórnum og einnig í unglingadeild Vox söngskólans þar sem hún æfir meðal annars raddbeitingu og dansspor og mætir í einkatíma, undirleik og tónfræði.

Móðirin er harla ánægð með áhugamál dætranna sem vonlegt er. „Ég er sannfærð um að kórstarfið skilar sér víða, í skóla, leik og út í lífið. Það hefur ótvíræð margfeldisáhrif og eflir þær og styrkir þær sem persónur. Ég upplífi það að minnsta kosti þannig,“ segir Sigríður Helga sem sjálf er í Vox feminae. Hún kveðst finna bæði fyrir heilun og útrás í kórsöngnum sem hún hefur sinnt í 13 ár undir stjórn Margrétar.



Sigríður Helga með Guðnýju og aftan við þær standa Elínóra og Gyða.



Marinella, Ragnheiður og Marinella.

Það var eins og ævintýri

Marinella Haraldsdóttir er ásamt dóttur sinni, Ragnheiði Jónsdóttur og dótturdótturinni Marinellu Sigurðardóttur að æfa fyrir tónleikana.

Marinella eldri hefur sungið hjá Margréti allt frá stofnun Kvennakórs Reykjavíkur 1993. „Ég byrjaði á að fara á tvö námskeið hjá Möggu í Kramhúsinu og þau kveiktu í mér löngun til að syngja meira. Samt þurfti Berglind dóttir mín að leggja að mér að koma með sér í kórinn. Ég taldi það vera of seint því ég hefði aldrei verið í kór. Að lokum samþykkti ég það og sé sko ekki eftir því. Það er eitt það yndislegasta sem ég hef gert. Nú er ég í Gospelsysturum og syng þar annan sópran.“

Ragnheiður er í sömu rödd. Hún kveðst hafa búið erlendis þegar Kvennakórinn var stofnaður en hafa fylgst með því sem var að gerast í sönglífi móður sinnar og systur. „Ég kom heim 1995 og sá kórinn syngja úti í garði í fertugsafmæli Svölu mágkonu minnar fjórum dögum eftir að ég kom til landsins. Svo var ég bara byrjuð. Það var eins og ævintýri að vera nýflutt til Íslands eftir sjö ára búsetu erlendis og fara með mömmu og systur minni tvisvar í viku niður í bæ að syngja af hjartans lyst með hundrað yndislegum konum. Ég fór kannski þreytt á kóræfingu og kom endurnærð til baka.“

Marinella yngri er dóttir Berglindar og er að syngja með stúlknakór hjá Margréti annað árið í röð og mætir vikulega á æfingu allan veturinn. Hún kveðst syngja 1. sópran og hlakka til tónleikanna.

Hlýleg Jólastermning!!



Full búð af fallegum vörum í jólapakkana!

Flottir jólasveinar, snjókarlar, alpajólatré og gífurlega fjölbreytt gjafavara, til dæmis myndir, klukkur, tréskálar, matarstell ofl.ofl.

Sjón er sögu ríkari!

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18
Opnunartímar laugardaga í desember:
2/12 frá 11-16, 9/12 frá 11-18,
16/12 frá 11-18, 23/12 frá 11-20.

VIRKA Húsgögn

Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is


Verkin kalla á mig

Alice Olivia Clarke hefur vakið athygli fyrir mósaíkverk sín. Hún talar af mikilli ástríðu um verk sín, sem hún eignar sér ekki ein heiðurinn af, því hún telur verkin að mörgu leyti skapa sig sjálf.

Listakonan Alice Olivia Clarke mætir manni með stóru brosi, eitthvað sem hún virðist eiga nóg af. Hún er sérstaklega glaðlynd, örlítið prakkaraleg og afar glæsileg. Návist hennar er þægileg og hún er einlæg í svörum.

Hún hefur vakið athygli fyrir glæsileg mósaíkverk sín, sem hún segir að búi innra með sér. „Verkin kalla á mig,“ segir hún brosandí og lýsir því hversu góð tilfinning það er að losna við þau, með því að skapa þau. „Ég byrjaði að vinna með mósaík eftir að ég flutti til Íslands og ég fann það um leið að þetta átti við mig. Í fyrstu var ég að gera smáa hluti en nú er ég að gera risastór verk,“ segir hún og hlær.

Á örskömmum tíma hafa verk hennar orðið eftirsóknarverð og nýverið setti hún upp sýningu á staðnum Óliver, þar sem hún á verk fyrir. Maðurinn hennar, Kári Eiríksson arkitekt, hannaði Óliver, en saman eiga þau og reka stofuna AOK arkitektar og hafa unnið fjölmörg verk saman (sjá aok.is). „Ég sé verkin ljóslifandi fyrir mér áður en ég hefst handa, og það er allt-



af jafn stórkostleg tilfinning að sjá verkið eftir að ég hef búið það til.“ Hún leggur mikla vinnu í hvert verk, sem hún býr til á gólfi vinnustofu sinnar í Hafnarfirði sem hún deilir með listamönnunum Svövu K. Egilsson og Ólöfu Björgu Björnsdóttur.

Alice kemur frá Ottawa í Kanada en næsta sumar mun hún halda þar sýningu á verkum sínum. „Ég er að undirbúa sýningu sem stendur eina helgi og hefst þann 17. júní, og það er gaman að finna að spennan er fyrir verkum mínum erlendis.“ Eitt virt-

asta arkitektatímaritið, Azure, verður einnig með umfjöllun um Alice og verk hennar, og tekst hún öll á flug þegar hún segir frá því.

„Þessi athygli sannfærir mig enn frekar um að ég sé að gera eitthvað nýtt, eitthvað einstakt, eitthvað áhugavert. Ég veit að ég geri það sem ég geri vegna þess að ég elska það og það gerir mig hamingjusama. Ég skapa hvert verk af mikilli ástríðu, og þegar ég þarf að leysa erfið verkefni nota ég skurðinn á flísunum til að hjálpa mér

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR

Myndir: ANTON BRINK OG VILHELM

að létta á pirringnum. Vinnan snýst mikið um snertingu og ég nýt þess að koma á flæði, hægd og vissri kyrrð í þessar annars köldu flísar og steina og láta þá segja sögu.“ Alice bætir því við að hún hafi oft hugsað til þess sem barn, af hverju við mætum ekki snerta listina í galleríum. „Ég skil það í dag,“ segir hún og skellhlær en bætir við: „Ég hvet samt fólk til að snerta verkin mín. Það gerir verkin betri og fagaðri. Hvað er stórkostlegra en lítil börn sem spyrja hvort þau megi snerta mósaíkína? Að sjálfsögðu leyfi ég þeim það. Þau snerta hvern lit eins og hann sé ólíkur eða muni segja þeim eitthvað

nýtt. Þau þræða línurnar með fingrunum, finna hrjúft, mjúkt, smátt, stórt og ólík mynstur.“

Steinarnir sem Alice notar í verkin eru frá Snæfellsnesi og segist hún ylja sér við þá hugsun að orka þeirra leysist úr læðingi í verkunum. „Þeir hjálpa til við að draga fólk að verkunum og kalla á snertingu og skilja þannig eitthvað eftir. Verkin hætta ekki að skapa eftir að þau hafa verið límd saman. Það er alltaf hægt að upplifa eitthvað nýtt í hvert skipti sem þau eru skoðuð eða snert. Og það sem kemur mér mest á óvart er hlýjan sem stafar af þeim þrátt fyrir kaldan efniviðinn.“



Verk eftir Alice á Kaffi Róma í Firðinum.



Alice vann þetta skemmtilega og lifandi verk utan á Bókasafn Hafnarjarðar.



Myndir: HEIDA
Texti: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR

Fækkaðu fötum öðrum til góðs

» Nei, hér er ekki átt við að þú safnir áheitum með því að hlaupa allsber yfir Lækjartorg. Fataskápar landsins eru fullir af fötum sem enginn er að nota. Og takið eftir: ekki geymslur og háaloft heldur fataskápurinn þinn. Eða ertu búin að gleyma fallega pallfettutoppnum sem var svo fallegur í sólinni á Strikinu í sumar en reyndist svo heima á landinu bláa vera aðeins of lítill og ekki í þínum lit. Eða sparikjöllinn úr Sautján sem þú keyptir í haust og flaskaðir á því að grenna þig ofan í fyrir jólin. Eða bara fallegi, klassíski, svarti jakkinn þinn.

Í ár leita fjórtán hundruð fjölskyldur aðstoðar hjálparstofnana fyrir jólin. Á sama tíma og fataskápar sumra okkar eru við sprengimörk af ítrodslu eru aðrir sem láta sér ekki detta í hug að fá ný fót fyrir jól, forgangsröðin er matur handa fjölskyldunni, eitthvað til að gleðja börnin og kannski fót á þau. Þessar konur vantar falleg jólaföt. Og við sem eigum alltof mikið af fötum ættum að gefa þeim af okkar yfirflæði.

Valgerður Matthíasdóttir, betur þekkt sem Vala Matt, hefur ákveðið að leggja hönd á plóg og skorar einnig á íslenskar konur að gefa falleg fót öðrum konum sem þurfa á þeim að halda. Hún fékk í heimsókn tvær mjög ólíkar stallsystur sínar, þær Kolfinnu Baldvinsdóttur og Möggu Stínu og þær þrjár gengu á undan með góðu fordæmi og skoðuðu í skápana hvor hjá annarri í leiðinni.

„Í fyrra leituðu yfir fjórtán hundruð fjölskyldur til hjálparstofnana yfir jólin. Það er skammarlegt að svo margir skuli eiga um sárt að binda í þessari almennu velmegun.“

„Maður verður að skora sjálfan sig á hólmi, græðgina og það að geta ekki látið frá sér hluti sem maður hefur ekkert að gera við og notar aldrei. Þannig losar maður líka um ákveðna orku í sjálfum sér. Mér finnst frábært að reyna að þoka hugsunarhættinum, þó ekki væri nema pínulítið í áttina frá neysluhyggjunni.“

Mér finnst þetta einnota líf óhugnanlegt

Magga Stína er þriggja barna móðir og tók Vöku dóttur sína sex ára með sér í fatabóðið. Hún segist sjaldan hafa tíma til að kaupa sér föt.

„En ég á fullt af fötum sem ég veit ekkert hvaðan eru komin. Einu sinni var ég mjög dugleg að kaupa í „secondhand“ búðum en nú fæ ég flest mín föt á slánum sem stundum eru á Laugaveginum þegar gott er veður. Fötin þurfa helst að vera úti á slá og afgreiðslukonan við höndina að taka við peningum frá mér. Þetta verður að taka innan við tvær og hálfu mínútu. Það sem ég sé á slánum er oftast bara einhver litur. Ég er þannig af guði gerð að ég passa í nánast hvað sem er.

Svo finnst mér ofsalega gaman að breyta fötum, dúlla við þau og gera sérstök. Það er góð endurnýting á fötum. Ég kann ekki að fá lánað af öðrum en ég kann vel við að veita flikum framhaldslíf í skápnum hjá mér. Vinkona mín hringdi einu sinni í mig og sagði eiga kjól sem hún hefði keypt sér og fundist alveg frábær en svo væri hann bara alltaf inni í skáp og kallaði nafnið mitt. Og hún gat ekki notað hann sjálf út af því. Mér þótti mjög vænt um þennan kjól og notaði hann mikið um tíma en núna er hann örugglega miklu flottari á einhverjum öðrum, kannski í allt öðru samhengi. Föt hafa kannski einhvern líftíma með manni sjálfum sem síðan lýkur og í nútímanum eu þessi föt auðvitað alveg stráheil og eiga það svo skilið að lifa áfram þó svo þau henti ekki manni sjálfum lengur. Við lifum líka á þannig tímum að það er sjúklega mikið af peningum í umferð en þeir eru bara í vasanum hjá svo fáum. Manni er ekki stætt á því að opna fataskápin og sjá fötin vella út úr honum vitandi hvernig ástandið er á sumum heimilum. Maður verður að skora sjálfan sig á hólmi, græðgina og það að geta ekki látið frá sér hluti sem maður hefur ekkert að gera við og notar aldrei. Þannig losar maður líka um ákveðna orku í sjálfum sér.

Mér finnst frábært að reyna að þoka hugsunarhættinum, þó ekki væri nema pínulítið í áttina frá neysluhyggjunni. Mér finnst þetta einnota líf dálítið óhugnanlegt.“



Hvert áttu að snúa þér?

Mæðrastyrksnefnd tekur á móti fötum á þriðjudögum milli nínu og þrjú í Hátúni 12.

Hjálparstarf kirkjunnar tekur við fötum á skrifstofutíma á Vatnsstíg 3 á horni Laugavegs.

Rauði krossinn tekur við fötum í fataflokkunarstöð Rauða krossins við Grjótuhraun 7 í Hafnarfirði. Fötin þurfa að vera alveg hrein og merkt sem spariföt og hverjum fötin henta.

Fylgist með umfjöllun í Ísland í bítið þar sem nánari upplýsingar verða veittar.

„Mér finnst þessi hugmynd að gefa fötin sem hanga ónotuð inni í skáp mjög góð.“

Falleg, nýleg og nothæf föt

Vala Matt hefur þurft að kaupa mikið af fötum vegna vinnu sinnar í sjónvarpinu. Hún vill í samvinnu við Ísland í bítíð hvetja konur til að taka til í fataskápunum sínum fyrir jólin og gefa falleg spariföt til þeirra sem minna hafa milli handanna.

„Ég þarf að eiga föt til skiptanna vegna vinnu minnar í sjónvarpinu. Nú er ég að vinna mjög fjölbreytt efni fyrir Ísland í bítíð og finnst það ótrúlega skemmtilegt. Enda Heimir og Sirrý að gera þar fina hluti.

Ég kaupi orðið oftast frekar klassísk föt og raða þeim iðulega saman á mismunandi hátt. En sum fötin eru þannig að ef þau eru mjög áberandi get ég bara notað þau nokkrum sinnum og verð

svo að gefa þau. Ég kaupi föt í tímabilum og vel þá nokkrar flíkur í einu svo það fari ekki of mikill tími í þetta. Stundum kemur þó fyrir að ég kaupi eitthvað meira af óskhyggju en raunsæi, eitt-hvað sem mér finnst ofsalega flott en klæðir mig svo ekki nógu vel. Og þá getur það endað inni í skáp í of langan tíma.

Ég hef í gegnum vinnuna mína komist að því að mjög margir hér á landi eiga meira en þeir þurfa á að halda. En svo er ennþá alltof stór hópur af fólki sem á hreinlega ekki nóg. Þrátt fyrir góðærið og almenna velmegun á Íslandi voru yfir fjórtán hundruð fjölskyldur í fyrra sem leituðu aðstoðar hjálparstofnana vegna þess að for-

eldrarnir gátu t.d. lítið veitt börnunum sínum fyrir jólin. Og það er náttúrulega skammarlegt að svo margir skuli eiga um sárt að binda í þessari almennu velmegun.

Hugmyndin er að gefa falleg föt sem við gætum sjálf hugsað okkur að nota en ekki eitthvað sem er búið að liggja í mörg ár inni í skáp og er löngu komið úr tísku, þreytt og ónýtt. Þessi föt fara ekki í Rauða kross búðina til sölu eða til útlanda heldur erum við að gefa þau öðrum til að geta klætt sig upp fyrir jólin í falleg og nýleg spariföt. Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauði krossinn og Mæðrastyrksnefnd taka svo á móti fatnaðinum og sjá um að koma þeim til réttra aðila, þeirra sem þurfa mest á þeim að halda.

Við hvetjum sem flesta til að fara í gegnum fataskápana og finna jafnvel flíkur sem þeim þykja flottar og gætu vel hugsað sér að klæðast og gefa þær einhverjum sem þarf miklu meira á þeim að halda. Og sama gildir um falleg barna- og unglíngaföt og föt á fullorðna karlmenn sem oft verða útundan.“



Í fínni kápu og fínum skóm er maður fínn

Kolfinna Baldvinsdóttir er nýflutt heim frá útlöndum og hafði ekki mikinn farangur meðferðis. Samt á hún sitthvað sem hún er meira en til í að láta af hendi.

„Ég hef aldrei verið neitt fatafrík og leiðist að fara út að versla. Dóttir mín kvartar mikið undan þessu. En ef ég er á labbi framhá búið og sé eitthvað í glugganum sem mig langar í þá fer ég inn og kaup þá. Ég máta ekki eða neitt slíkt. Ég kaup þau föt sem ég tel að muni passa.

Ég kaupi ekkert sérstaklega vönduð föt og þau þola sjaldnast marga þvotta. Ég myndi aldrei eyða peningum í dýrar flíkur. Það fer hins vegar svo um mömmu þegar hún sér mig svona druslulega að hún kaupir venjulega handa mér jólakápu. Í fínni kápu og fínum skóm er maður fínn og þá skiptir ekki svo miklu máli hvað er þar á milli.

Ég geng mikið í svörtu og það passar við öllu tækifæri. Mér finnst þessi hugmynd að gefa fötin sem hanga ónotuð inni í skáp mjög góð einkum vegna þess að tískan gengur í hringi og er alltaf að koma til baka. Sjálf kaup þú mikið notuð föt vegna þess að mér finnst tískubúðirnar alltaf vera svo einsleitir. Mér líður best í sérstökum fötum með sál.“



JÓLAHROLLUR Í HÁDEGINU

**UPPLESTUR KL.12:15
ALLA DAGANA**

Einn af öðrum tínast spennusagnahöfundarnir í Þjóðmenningarhúsið á aðventunni og skjóta áhlyðendum skelk í bringu með hrollvekjandi upplestri úr nýjum verkum sínum:

<p>12. 12 Arnaldur Indriðason <i>Konungsbók</i> Ingvar E. Sigurðsson les.</p>	<p>13. 12 Ævar Örn Jósepsson <i>Sá yðar sem syndlaus er</i></p>	<p>14. 12 Stefán Máni <i>Skipið</i></p>	<p>15. 12 Stella Blómkvist <i>Morðið í Rockville.</i> Ólafía Hrönn Jónsdóttir les.</p>
<p>16. 12 Bragi Ólafsson <i>Sendiherrann</i></p>	<p>17. 12 Einar Hjartarson <i>Nebéz</i></p>	<p>18. 12 Steinar Bragi <i>Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins</i></p>	<p>19. 12 Sigurjón Magnússon <i>Gaddavír</i></p>
<p>20. 12 Árni Þórarinnsson og Páll Kristinn Pálsson <i>Farþeginn.</i></p>	<p>21. 12 Bjarni Klemenz <i>Fenrisúlfr</i></p>	<p>22. 12 Jökull Valsson <i>Skuldadagar</i></p>	<p>23. 12 Yrsa Sigurðardóttir <i>Sér grefur gröf</i></p>
<p>Ókynntalegt tilboð á blóðrauðri rauðrófusúpu eða súpu dagsins á veitingastofunni Matur og menning.</p> <p>Jólakort hússins, bækur og forvitnileg hollusta til sölu í versluninni.</p>		 <p>ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ THE CULTURE HOUSE</p> <p>Þjóðmenningarhúsið Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík sími 545-1400 thjodmenning@thjodmenning.is www.thjodmenning.is</p>	

MED FYRIRVARA UM FORFÖLL



Fríður Birna Stefánsdóttir formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík segir nóg að gera hjá meðlimum fyrir jól.

» Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík hefur unnið ötult starf í þágu almennings síðan hún var stofnuð 28. apríl 1930, elst kvennadeilda á Íslandi.

Þegar konur bera alla ábyrgð verður árangurinn vafalaust bestur

Við erum fyrsta kvennadeild Slysavarnafélags Íslands, sem gengur nú undir heitinu Slysavarnafélagið Landsbjörg, og deildin var stofnuð 28. apríl 1930,“ segir Fríður Birna Stefánsdóttir, sem tók við formennsku deildarinnar fyrir á árinu. „Það ár var síðan önnur kvennadeild stofnuð í desember í Hafnarfirði.“

Að sögn Fríðar var upphaflegt markmið Slysavarnafélagsins og kvennadeildarinnar sjóbjörgenda sjóslys tíð á þeim tíma. „Peningum var safnað með fjáröflunum, til að festa kaup á björgunarbúnaði og reisa neyðarskýli. Starf okkar snýst enn að mestu leyti um fjáröflun fyrir björgunarsveitirnar. Sú stærsta er á sjómanna daginn í formi kaffisölu á fjórum stöðum: á Hafnarbakkanum, í Gróubúð, félagsmiðstöð björgunarsveitarinnar, slysavarnarskipinu Sæbjörgu og Höllubúð, húsnæði kvennadeildarinnar.“

Starf kvennadeildarinnar felst einnig í slysavörnum. „Kvennadeildin tók til að mynda þátt í átakinu Vörn fyrir börn á tíunda áratug síðustu aldar, meðal annars með því að láta gera töflur með sýnishornum af öryggisvörum fyrir börn, sem settar voru upp í öllum heilsugæslustöðvum Reykjavíkur,“ útskýrir Fríður. „Við gerum líka bílbeltakannanir fyrir utan leikskóla, svo tölfraðilegar upplýsingar séu tiltækar. Þá höfum við kannað slysavarnir heima hjá eldri borgurum, kostað brúðleikhússýningu með forvarnagildi í leikskólunum, sem nefnist Númi á ferð og flugi, og lengi mætti telja.“

Meðlimir kvennadeildarinnar eru nú um 200 talsins, þar af 50 virkir, og hittist hópurinn mánaðarlega í fyrrnefndri Höllubúð að Sóltúni 20, sem er nefnd eftir Höllu Jónsdóttir. „Heitið kemur til vegna þess að téð Halla ánafnaði deildinni allt sitt þegar hún lést árið 1993, trú þeirri hugsjón að láta gott af sér leiða, og voru peningarnir notaðir til kaupa á húsnæðinu í Sóltúni,“ segir Fríður og bætir við að það hafi verið sannkölluð himnasending þar sem kvennadeildin hafi þá verið á hrakhólum.

Fríður segir marga hafa spurt hvort þörf sé á að starfsrækja sérstaka kvennadeild innan Slysavarnafélagsins á tímum kynjajafnréttis. Hún svari því yfirleitt með orðum Guðrúnar Jónasson, fyrsta kosna formannsins, sem sagði að þar sem konur störfuðu í almennum félagsskap væru þær oft óþarflega hlédrægar, en þegar þær bæru alla ábyrgð sjálfar yrði árangurinn tvímælaust bestur. Þá legðu þær hiklaust fram krafta sína og stuðluðu að því allar í sameiningu að þoka áfram þeim málum sem þær hefðu tekið upp á arma sína.

„Forseti Íslands, Hr. Ásgeir Ásgeirsson, sæmði Guðrúnu stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu,“ heldur Fríður áfram. „Hann sagði við það tilefni að ekki væri venja að veita slíka viðurkenningu fyrir störf í einstökum félagsskap, en orðunefnd hefði fundist rétt að gera hér undantekningu á. Segja má að allar slysavarnakonur beri þetta merki með Guðrúnu.“

**Glæsilegt úrval af
jóla og gjafavöru**



BLÓM & KAFFI

**Gæðavörur frá Te og kaffi
í gjafakörfuna**

Ný blóm daglega

**Opið
sunnudag til fimmtudags
frá kl. 11-21
Föstudaga og laugardaga
frá 10-21**

Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði


Opnum notalegt kaffihús á nýju ári.

Sími: 565 0440 www.blomogkaffi.is

Hönnun: Web It



CHESAPEAKE BAY CANDLE™



Adventusnarl

Adventan hjá mörgum snýst um að elda, baka og borða. Hitta fjölskyldu og vini. Hér er hugmynd að góðum og léttum hádegisverði til að njóta á adventusunnudegi meðan verið er að dunda heima. Uppistaðan í súpunni er kúrbítur og er hún jólagræn á litinn. Brauðið með er í formi pítsubotns eða tortillaköku og er borið fram með hráskinku, geitaosti og klettasalati. Skinkan er jólarauð!

„GRÆN SÚPA“


4 msk ólífuolía
2 msk mjúkt smjör
1 laukur, skorinn
2 kúrbítar, skornir í bita
2 kartöflur, skornar í teninga
5 b kjúklingasoð
12 basilíkulauflaup
1 hvítlauksríf, marið
2 egg
4 msk rifinn parmesanostur
salt og svartur pipar

Hitið olíu og smjör í potti og mýkið laukinn. Setjið kúrbít saman við og hrærið, látið malla í nokkrar mínútur. Setjið kartöflur saman við og hellið soðinu í pottinn. Sjóðið við vægan hita í 30 mín. Stráíð basilíkunni yfir þegar um 10 mínútur eru eftir af suðutímanum. Að því loknu er súpan maukuð með töfrasprota eða sett í matvinnsluvél. Hrærið saman egg, hvítlauk og parmesanost. Hellið eggja-blöndunni saman við súpuna í mjörri bunu og hrærið vel í á meðan. Smakkið til með salti og pipar. Hitið súpuna upp á vægum hita áður en hún er borin fram. Fallegt að dreypa nokkrum dropum af góðri extra virgin ólífuolíu yfir súpuna og smá parmesanosti.



Galeðjumst

Jólin koma. Ættingjar og vinir hittast og gleðjast saman yfir margskonar jólagóðgæti. **Hellmann's®** majónes er eitt af því sem fullkomnar jólamatreiðsluna og gerir árangurinn ómótstæðilegan. Flauelsmjúk áferð, besta hráefni og ósvikin bragðgæði. Gleðileg jól.



Ef þú átt afgang af kalkúna um jólin geturðu gert þetta góða salat.

Kalkúna-waldorf-salat

½ bolli **Hellmann's®** Mayonnaise

1 msk sítrónusafi

½ tsk salt

2 bollar af elduðum kalkúna eða

kjúklingi í teningum

1 stórt epli, afhýtt

og kjarnahreinsað

½ bolli sellerí, sneitt

1/3 bolli rúsínur eða þurrkuð

trönuber

¼ bolli laukur, fínt sneiddur

(má sleppa)

Ristaðar valhnetur, saxaðar

(má sleppa)

Hrærið majónes, sítrónusafa og salt í skál. Blandið öllu öðru en hnetum vel saman við. Stráið hnetum yfir salatið. Kælið ef vill.



Hellmann's gerir bragðið betra

„RAUTT BRAUÐ“

Pizzadeig eða tortillakökur
El Toro skinka eða önnur
hráskinka
Mjúkur geitaostur
Klettasalat
Sítrónusafi
Úrvals ólífulófa
Ristaðar furuhnetur

Fletjið pítsudeigið mjög þunnt út í botna sem gera má ráð fyrir að séu fyrir einn. Bakið þar til botnarnir eru gullnir eða setjið á pönnu og bakið báðum megin. Ef ekki er tími fyrir slíkt er hægt að nota tortillakökur sem búið er að grilla aðeins á pönnu. Hellið olíu og sítrónusafa yfir salatið. Leggið skinkuna á botninn, dreifið úr geitaosti yfir skinkuna, setjið salatið yfir allt saman og furuhneturnar að síðustu. Gott að dreypa örlítilli olíu yfir. Berið fram.

Umsjón og eldamennska:
HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir: GUNNAR SVERRISSON





Það er skafmiði í pakkanum Yfir 1000 vinningar!

Hverjum pakka af Prince Polo fylgir skafmiði.

Glæsilegir vinningar:

- Acer fartölva frá Svar tækni
- Fartölvutaska
- Miði á fjölskyldumyndina Artúr og mínimóarnir
- Pakkar af Prince Polo mini



Prince Polo – alltaf jafn gott

FALLEGT FYRIR JÓLIN

KYNNING



1. Companys Kringlunni. 6.990 kr. 2. Kiss Kringlunni. 3.990 kr. 3. Companys Kringlunni. 6.990 kr. 4. Kiss Kringlunni. 7.990 kr. 5. Companys Kringlunni. 6.290 kr. 6. Next Kringlunni. 6.290 kr. 7. Next Kringlunni. 2.590 kr. 8. Next Kringlunni. 9. Companys Kringlunni. 12.990 kr. 10. Next Kringlunni. 1.490 kr. 11. Next Kringlunni. 3.790 kr.



6




7



8



9



10



11





Einstakir persónutöfrar

Eva Green er lífleg fegurðardís sem heillað hefur heiminn með leikhæfileikum sínum. Hún er 26 ára gömul og þrátt fyrir að vera fædd og uppalin í Frakklandi hefur henni tekist að láta taka eftir sér í henni Hollywood. Árið 2003 vakti hún athygli fyrir leik sinn í myndinni *The Dreamer*, auk þess sem hún samdi tónlist fyrir myndina. Hún vakti þó fyrst alheimsathygli í myndinni *Kingdom of*

Heaven þar sem hún lék á móti Orlando Bloom. Stúlkan virðist einstaklega lífsglöð ef marka má myndir af henni á rauða dreglinum. Hún er oftast skellihljæjandi og grettir sig og gantast við ljósmyndarana. Fatastíll hennar er bæði stelpulegur og heimskonulegur í senn og á milli hláturokanna stillir hún sér alvarleg upp fyrir myndatöku, þó alltaf með þakkaralegt blik í augum.



Töff í blúndum, flaeli og ökklastígvélum.



Í svörtum jakkafötum, skraepöttri blússu og með stóra svarta perslufesti.



Eva Green fiflast gjarnan við ljósmyndarna.



Eva leyfir persónueinkennum sínum að njóta sín. Freknurnar, úfnu augabrúnirnar, örlítið skökku tennurnar og klessti augnskugginn gera hana ómótstæðilega sæta.




Eva er oft með eldraudan varalit og svartan augnskugga í stíl við svartan kjól.



Hún leggur sig greinilega fram við að vera ekki of fullkomin í útliti og er því gjarnan með hárið örlítið úfið.

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR Myndir: GETTY IMAGES



Skálasett
3.990 kr.



Náttsloppur
9.990 kr.

Jólin: Til þín frá mér

Úrvalið af fallettri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið, hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í ekta jólaskap.



Bjóstahaldarar
frá 2.990 kr.

Nærbuxur
frá 1.190 kr




Galli með húfu
1.990 kr.

Skór 1.190 kr.

Jólasmekkir
2 í pakka 899 kr.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!





Prúðir pillar

Herrarnir þurfa víst líka að dressa sig örlítið upp yfir hátíðirnar. Þó svo að jakkafötin séu auðvitað alltaf klassísk er gaman að finna sér eitthvað nýtt og ferskt.

Þá er ekki úr vegi að velja sér fallegar buxur í jakkafatastíl sem eru þó örlítið öðruvísi. Skyrta með sérstökum smáatriðum eða munstri. Og þó svo að gallabuxurnar þyki ekki það allra fínasta er vel hægt að finna fallegar buxur sem ganga alveg á böllin og í boðin.

Fín peysa í sterkum lit er svo alltaf góð til að hrista upp í lúkkinu.

HIN FÍNASTA PEYSA Bleik og flott frá Paul Smith. Fæst í Kúltúr Menn.

TÖFFARALEG Ótrúlega flott skyrta frá Acne. Fæst í Kúltúr Menn.

ÖÐRUVÍSI Dásamlega töff skyrta í örlitlum Napóleon stíl. Fæst í All Saints.

DOPPÓTT Svört og grá, fæst í All Saints.

FLOTTAR Sérstakar buxur úr All Saints.

SVÖRT Fín bómullarpeysa úr Sautján.

GALLABUXUR Fínlegar og flottar úr Sautján.

SKYRTA OG VESTI Frábær samsetning úr Sautján.

DIOR HOMME VOR 2006 Hedi Slimane hefur mótað herratískuna undanfarin ár og á heiðurinn af hinu flotta þrönga lúkki.



20% afsláttur
af kjólum frá 8.-10. des.

coast

COAST SMÁRALIND | SÍMI 554 5111

www.coast-stores.com

Tískuíkon #7

SARAH JESSICA PARKER

Árið 1998 skaut Söruh Jessicu Parker upp á stjörnuhimininn, en þá sáum við hana fyrst í hlutverki Carrie Bradshaw í þáttunum Sex and the City. Um leið og þættirnir öðluðust annálaðar vinsældir meðal kvenna byrjaði Sarah Jessica að hafa áhrif á tískuheiminn og klæðaburð kvenna víða um heim. Sá háttur Carrie að blanda saman notuðum flíkum við hátískuvörur og hafa óeðlilega mikinn áhuga á skófatnaði virtist smita út frá sér. Sjálf hafði Sarah aldrei haft slík áhrif á tískuna fyrr en hún hóf að leika í þessum þáttum, enda bar ekki mikið á hennar persónulega stíl áður en yfirstílísti þáttanna, Patricia Field, læsti tískuklónum í hana.

Sarah Jessica Parker fæddist í Ohio þann 25 mars 1965. Hún var ein af sjö systkinum en foreldrar hennar voru gyðingar. Sarah var tólf ára þegar fjölskyldan flutti til New York, en í þá daga var hún farin að sýna mikla hæfileika sem dansari. Hún býr enn að þeim áhrifum sem dansinn hefur haft á líkamsbyggingu hennar því hún er í einstaklega góðu formi. Sarah er gift Matthew Broderick og saman eiga þau soninn James Wilke sem fæddist árið 2002. Undanfarin fimm ár hefur hún ljáð nokkrum tískuhúsum ímynd sína og í fyrra markaðssetti hún ágætis ilmvatn sem hún kallar Lovely. Á næsta ári er myndin Spinning Into Butter væntanleg í kvikmyndahúsin, en þar er tekist á við fordóma og leikur Sarah Jessica Parker aðalhlutverk myndarinnar.





Jāla **birta**
● *aðeins öðruvísi*

... og þurrka sér svo um munninn

Margir leggja mikið upp úr jólaborðinu, ekki bara því sem er á boðstólum heldur ekki síður útlitinu. Borðskreytingar skipta auðvitað máli en það sem helst setur svip sinn á hvern disk er munnþurrkan. Sumir keppast við að strauja og strjúka taumunnþurrkur en aðrir vita að pappírsservíettur geta verið bæði skemmtilegar og flottar og gert jólaborðið enn betra. Pappírsservíettur hafa þann kost að vera ódýrar og úrvalið er slíkt að hægt er að fá þær í stíl við hvað sem er og til ánægju bæði börnum og fullorðnum.



Þessi jólaköttur fær að gera það sem alla ketti dreymir um, að vera uppi á borði á jólunum. Fæst í Pipar og salti.



Í vetrarríkinu eru allir vinir. Rostungar, ísbirnir, íkornar, mörgæsir, refir, broddgeltir og sauðfé klæða sig upp í sitt fínasta þúss og halda gleðileg jól. Fæst í Pipar og salti.



Þessi smellpassar undir laufbrauðið. Bara að passa að bíta ekki í hana því servíettur geta valdið meltingartruflunum ef þær eru innbyrtar og það er ekki það sem við þurfum á að halda yfir hátíðarnar. Fæst í Jóláhúsinu.



Jólaenglar sem bæta meltinguna. Fást í Blómavali.

Jólatírnir í ár eru svart, fjólublátt og silfrað. Eins og þessi servíetta sem fæst í Blómavali.



Börn óska eftir styrktarforeldrum

Við veitum munaðarlausum börnum heimili til frambúðar.

Vertu með í að búa börnum betri framtíð og gerstu styrktaraðili hjá SOS-barnaporpunum.



SOS-barnaporpin
Sími: 564 2910 - www.sos.is



Jólamyndirnar með í jólaboðið



HP PHOTOSMART d7160
Frábær útprentun á hraðvirkasta
ljósmyndaprentara í heimi

- Engin þörf á tölvu, prentar beint af minnskorti eða myndavél
- Aðskilin sex líta HP Vivera blekhyllki
- 10x15 cm ljósmynd á 12 sekúndum
- Prentar beint á diska, tattoo prentun

Verð kr. 18.900



HP prentarar voru fyrir stuttu valdir bestu prentararinnar af lesendum PC Magazine, fjóríanda árið í röð. HP stafrænar myndavélar hafa hlotið margar viðurkenningar, meðal annars PC Magazine Editors' Choice auk þess sem þær voru á topp 10 lista PC World.



HP PHOTOSMART e427
Stafræn myndavél

- 6.4MP upplausn
- 36 bita litadýpt
- Létt, nett og einföld í notkun

Verð kr. 13.900

Með HP Photosmart myndavél og ljósmyndaprentara getur þú smellt af, prentað jólamyndirnar strax og kippt þeim með í jólaboðið.

Hágæða útprentun þegar þér hentar.

HP Photosmart myndavélar og prentarar fást hjá viðurkenndum HP söluaðilum og á www.fartolur.is.
Nánari upplýsingar á www.ok.is/einstaklingar/soluadilar.

OPIN KERFI

Sími 570 1000 • www.ok.is



Glamúr og glæsileiki

Nú er glamúrmánuður ársins genginn í garð og ættu því allir að skarta sínu fínasta yfir jólin. Tískan í ár er einstaklega skrautleg og er mikið um gull, silfur og glamúr. Einnig er fallegt skart áberandi og töskur sem myndu setja flottan svip á jólaboðið, áramótapartíð sem og árshátíðirnar. Það ætti enginn að þurfa að fara í jólaköttinn.

FALLEGUR hlýralaus kjóll með sætu skrauti frá Warehouse.

SVARTUR fallegur hlýralaus kjóll frá Whistles.

FLOTTUR silfraður bolur frá Warehouse.

EINSTAKLEGA FALLEGT hálsmen frá Whistles.

SILFUR taska frá Warehouse.

GLÆSILEGUR svartur kjóll með silfurmunstri frá Karen Millen.

SÆTAR ermar frá Whistles, flottar við jólakjólinn þinn.

HLÝRALAUS toppur með silfruðu munstri frá Warehouse.

DÁSAMLEGA fallegir svartir skór frá Karen Millen.

FALLEG taska með blúndu frá Shoe Studio.

SÆTUR kjóll með silfurmunstri á ermum frá All Saints.

Gylltur bolur frá Warehouse.

SÆTIR silfurskór úr Shoe Studio.



THE SHOE STUDIO

Bertie

NINE WEST

PIED A TERRE



25% afsláttur af öllum vörum til jóla

Kokkabók í pakkann

Matgæðingar elska að prófa eitthvað nýtt. Ný matreiðslubók er því frábær jólagjöf handa ofurkukkum heimilisins þar sem þeir geta prófað nýjan rétt á fjölskyldunni að minnsta kosti vikulega. Matreiðslubók er eiginlega gjöf til allrar fjölskyldunnar, vina og vandamanna. Í ár koma út margar spennandi matreiðslubækur fyrir jólin og mjög ólíkar svo það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í bókinni í matinn er þetta helst býður hin þekktu fréttakona Jóhanna Vígðís Hjaltadóttir lesendum heim í eldhúsið sitt. Jóhanna Vígðís er snilldarkokkur og hefur örugglega ýmsu fróðlegu að miðla öðrum snilldarkokkum og líka þeim sem eiga erfitt með að fóta sig í eldhúsinu. Uppáhaldsuppskriftirnar hennar eru afar einfaldar og aðgengilegar og nýtast við ótal tækifæri. Leiðbeinandi verð er 4.480 krónur.



Framandi og freistandi eftir Yesmine Olsson inniheldur uppáhaldsuppskriftir Yesmine sem eru ekki öfgakenndar heilsuuppskriftir, þó svo að hollustan sé í fyrirrúmi, heldur matur fyrir fólk sem er annt um heilsuna og nýtur þess að elda góðan og litríkan mat. Inn á milli fallegra ljósmynda eru heilræði um holla lifnaðarhætti. Framandi og freistandi kostar 2.990 krónur.



Hollt og fljótlegt og Hollt og ódýrt eftir Guðrúnu Jóhannsdóttur eru fallegar og handhægar bækur þar sem áherslan er á holla, fljótlega, ódýra og frumlega rétti fyrir upptekið fólk. Fimmtíu uppskriftir eru í hvorri bók og aftast eru gagnlegar og hugmyndaþarfar tillögur að vikumatseðlum. Hvor bók kostar 1.990.



Matreiðslubók íslenska lýðveldisins hefur að geyma úrval þeirra hátíðarmálsverða sem bornir hafa verið fram fyrir hönd íslenska lýðveldisins. Hér má finna lostæti úr íslenskrí náttúru meðhöndlað af feðgunum Elíasi Einarssyni og Eyjólfri Elíassyni sem voru lengi í þjónustu forsætisráðuneytisins. Þessi greinargóða heimild um skemmtilegan kima Íslandssögunnar kostar 5.990 krónur.



Nýtt á Íslandi.

Koníaks- og Rauðvínssunnendur!!

Trúið þið á töfra?

MAGIC FLAVOR TÖFRATAPPINN

BREYTIR VENJULEGU VÍNI Í EDALVÍN.

*Kristall
Pestulin*

Bæjarlind 1-3 Kópavogi Sími: 544-4044



DENON

Pitt eigið tónlistarhús

Heimabíómagnarar, magnarar og DVD

DENON margverðlaunað af virtustu fagtingarritum
fyrir útlit og hágæða hljómfletning



75W x 7 (8 ohms) • 56 stöðva (AM/FM) minni • Sjálfvirk stilling með hljóðnema

DENON AVR-1507 magnari



15 gerðir verð frá 39.900



CANTON

Movie 101 CD
heimabíóhátalarar



kíktu á

www.ef.is



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



Quinta do Crasto Reserva:

Fær frábæra dóma

Portúgalska rauðvínið Quinta do Crasto Reserva 2004 hefur fengið frábæra dóma og umfjöllun að undanfögnu en 2004 árgangurinn er nýlega kominn á markað hér á Íslandi. Vínið er gert úr allt að 30 mismunandi þrúgum sem koma af um 100 ára gömlum vínvíð úr Douro dalnum í Porúgal. Douro dalurinn hefur hingað til verið þekktastur fyrir frábær púrtvín.

Wine Spectator gaf víninu nýlega 93 punkta í einkunn og valdi það sem eitt af 100 bestu vínunum árið 2006, en vínið lenti í 47. sæti á þeim lista sem hlýtur að teljast frábært fyrir vín sem kostar ekki nema 1.950 kr. í vínbúðum hérlendis. Þess má geta að vínið kostar 35 dollara í Bandaríkjunum sem er um 2.450 íslenskar krónur. Góð vín eru nefnilega ekki alltaf dýr á Íslandi.

Porri Hringsson vínrýnir valdi Quinta do Crasto Reserva 2003 vín mánaðarins í Gestgjafanum í fyrra og gaf Porri víninu hvorki meira né minna en 5 glös sem er hæsta einkunn sem hann gefur. Porri hefur þetta um vínið að segja: „Vín frá Portúgal eru því miður allt of sjaldséð hér miðað við hvað mörg þeirra eru spennandi og hversu mjög þau hafa batnað undanfarin ár. Portúgal á það sammerkt með Ítalíu að þar eru margar staðbundnar þrúgur sem hvergi finnast annars staðar og úr þeim er hægt að gera ákaflega athyglisverð vín sem eru mun skemmtilegri en þessi endalausur shiraz/cabernet-vín sem allir ættu að hafa fengið nóg af núna. Þetta vín er eins og þungur og djúpur bassatónn í fljótandi formi. Mjög gott með bragðmeiri steikum, nauta- og lambakjöti og besta grillmat. Mjög góð kaup.“

Verð í vínbúðum 1.950 kr.



Riedel



*„Að öðrum glösum ólöstuðum
eru vínglössin frá Riedel þau bestu.“*

Þorri Hringsson

Veldu rétta jólakjöllinn

Hvort sem þú kaupir þér nýjan kjól fyrir jólin eða notar einhvern úr fata-skápnum þínum, er afar mikilvægt að velja rétta kjöllinn. Of þröngur kjóll eða kjóll sem endar allur út í sósuslettum getur eyðilagt stemninguna.

- * Ekki velja neitt sem er þröngt, stutt og flegið þar sem þú vilt örugglega ekki líta út fyrir að vera á veiðum. Sérstaklega ekki ef þú ert í mat hjá afa og ömmu.
- * Vertu í kjól sem er laus í mittið, eða með belti. Maður á að láta sér líða vel á jólinum og það er ekkert pínlegra en að vera eins og vel reyrd pylsa við matarborðið og geta ekki hreyft sig. Auk þess sem það er frekar vandræðalegt þegar rennilásinn rifnar með látum.
- * Alls ekki velja hvítan kjól nema þú sért einstakur snyrtipinni. Mæður smábarna ættu ekki einu sinni að láta sig dreyma um hvítan kjól, nema vera í regnkápu utan yfir.
- * Síðkjóll er hin fullkomna flik fyrir jólin. Með víðu pilsu er hann sérstaklega dásamlegur þegar dansað er af innlifun í kringum jólatréð, eða þegar þú tekur eitt gott sönglag úr dans- og söngvamynd með þínum heittelskaða. Og ef þú býrð í tveggja hæða húsi getur innkoma þín niður stigann verið mjög glæsileg.
- * Mynstraður kjóll kemur sér vel ef þér hættir til að sulla niður á þig. Þá tekur enginn eftir blettunum og þú þarft engar áhyggjur að hafa.



Sigga & Tímo

G U L L S M Í ð I
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Íslensku jólalögin!



...Þú komst m e ð jólin til min - Ég hlakka svo til - Jól - Kæri jóli - Snjórinn fellur - Verði ég bara heima um jólin - Gamli jólasveinn - Mamma - Manstu það? - Góða nótt - Bráðum koma jólin - Grenitré - Jólin eru að koma - Höldum heilög jól - Betlehem - Þeir koma þar - Á jölunum er gleði og gaman - Jól yfir borg og bæ - Jólaveinarnir Kom allir hér - Hring, þú bjallan fagra - Upp, þér hirðar - Jólaklukkan - Jól á hafinu - Gefðu mér gott í skóinn - Jólin allsstaðar - Snæfinnur snjókarl - Hvít jól - Hátíð í bæ - Jólansjór - Ég sá mömmu kysa jólasvein - Jólaveinninn minn - Litla jólabarn - Jólin koma - Loksins komin jól - Meiri snjó - Jólainnkaupin - Hvít jól - Hátíð í bæ - Stjarna stjörnum fegri - Snæfinnur snjókarl - Klukkan jólasveinsins - Heilaga nótt - Jólaklukkan - Ljósanna hátíð - Aðfangadagskvöld - Betlehem er barn oss fætt - Göngum við í kringum - Jólaveinar einn og átta - Hvít jól - Hún Þyrnirós var besta barn - Mamma mín - Jólaklukkan - Hátíð í bæ - Jólaljós skært - Ef hjá honum þabba einn - Fimmeyring ég fengi - Það á að gefa börnum brauð - Adam átti syni sjö - Hvar sem flýtur mitt fley - Heims um ból - Jólasyrpa - Svo er ein handa þér - Rokkað í kringum jólatréð - Mig langar heim á Syðra-Hól - Skrámur skrifar jólasveininum - Nei, nei, ekki um jólin - Glæddu jólagleði í þínu hjarta - Komdu um jólin - Syngjum öll - Ég ætla að skreyta jólatréð - Þæjarferð með Hurðaskelli og Stúfi - Básúnan mín - Á góðri jólastund með - Bryndis Schram - Jólaveinafylkingin - Handtaka jólasveinanna - Jólaveinar í dans tíma Áramótadans Grýlu og Leppalúða - Allir upp á slebann - Hurðaskelli og Stúfur - Heiðra skulum vér herrann Krist - Heyr himnasmiður - Í dag er glatt - Það aldín út er sprungið - Af himnum ofan boðskap ber - Sjá himins opnast hlið - Í Betlehem er barn oss fætt - Nóttin var sú ágæt ein - Heims um ból - Gefðu að móðurmálið mitt - Lof sé þér Guð - Allt eins og blómstrið eina - Í dauðans böndum Drottinn lá - Kristur reis upp frá dauðum - Guð helgur andi, heyr oss nú - Min sál, þinn söngur hljómi - Tíminn flýgur Gleði og friðarjól - Jóláömur...

Við komum þér í jólastemninguna
Þú færð aðgang að yfir 60.000 lögum
og 2.000 myndböndum!

Það kostar
ekki að
prófa



TONLIST.IS



Eftirréttavínið um jólin

Jólamúskat, Muscat de Noël 2006 er komið í vínbúðir. Konunglegt og menningarlegt vín sem Katalóníumenn hafa drukkið á jólum í 700 ár. Ár hvert var fyrsti hluti uppskeru múskatþrúgunnar tileinkaður til gerðar hátíðarvins fyrir konunga Majorka.

Muscat de Noël 2006 frá Pujol er fyrirtaksfordrykkur og er frábært með gæsa- eða andalifur, fylltum döðlum með gráðosti eða sem eftirréttavín með eplaköku með kanil, ávaxtasorbet eða vanilluís. Vínið er ómissandi með konfektinu.

Það er 15 prósent að styrkleika og geymist í tvær vikur í kæli eftir opnun. Þetta styrkta vín kemur frá Roussillon-héraði í Suður-Frakklandi þar sem Pujol-fjölskyldan ræktar vínvið á lífrænan hátt og þroskar vinnin samkvæmt hefðbundnum aðferðum. Þetta er fágætt vín og eftirsótt og eingöngu eru 900 flöskur af því í boði héraendis yfir hátíðirnar. Nánar má fræðast um vínið og fleiri vín frá Pujol á síðunni vinekran.is.



Vínið fæst í flestum vínbúðum í desember og kostar 1.990 kr.



Uppáhaldskaffið

á augabragði með **Senseo**



Senseo Original



Senseo City Sensation



Senseo Café Noir



Senseo Selection

Veldu þá Merrild kaffipúða sem þig langar í og eftir andartak eru tilbúnir einn eða tveir bollar af ilmandi úrvalskaffi.

Með Philips **Senseo** kaffivélinni og Merrild **Senseo** kaffipúðunum nýtur þú þess að fá þér afbragðsgott kaffi án nokkurrar fyrirhafnar hvenær sem þig lystir.

Senseo



Seiðandi bolli af nýlögðu kaffi



AMARULA CREAM

ANDI AFRIKU



Rjómalíkjör frá Suður-Afriku hefur slegið í gegn víða um lönd undanfarin ár. Amarula heitir þessi ferski náttúrulegi rjómalíkjör og er stundum nefndur „Andi Afriku“ enda búinn til úr ávexti sem hefur verið notaður til lækninga og sem frjósemislyf öldum saman.

Marula tréð er jafnan um 10-15 metra hátt og hvert tré getur gefið af sér allt að tvö tonn af ávöxtum á ári. Afrísku filarnir eru sólgirnir í ávöxtinn, keyra hausinn í bol trjáanna og hirða upp ávextina sem hrynja niður við höggið. Ef Marula ávöxturinn sleppur við ágengni filanna mun hann þroskast og falla loks til jarðar þar sem hann tekur að gerjast í hitamollunni og verður aðeins áfengur og mjög sætur. Filarnir eru ekki síst sólgirnir í þroskuðu ávextina og má gjarnan sjá þá ráfa um létta í anda eftir átveisluna!



Fer

Marul

í exót

virði

eyrna

Í ving

gerjas





Kukur náttúrulegur rjómalíkjör

Ávöxturinn er notaður af innfæddum til að búa til sultur og vín auk þess að vera notaður sem krydd á kafrí. Steinn ávaxtarins er afar harður og þarf nokkuð lag til að opna hann en það er vinnunnar hluti. Því hnetan er sú prótínríkasta sem um getur. Hnetuolían er notuð til að búa til snyrtikrem og nef- og eyruþoppa fyrir ungabörn.

Marula er hinsvegar aðeins kjöt ávaxtarins notað, steinarnir og hýðið er skilið frá. Marula safinn er látinn standa í síðan eimaður. Vínið er síðan geymt í eikartunnum í tvö til þrjú ár. Þar á eftir er Marula ávaxtaþykkni

blandað í til að jafna drykkinn. Þegar pöntun berst er ferskum rjóma blandað í líkjörinn þar til mykt og jafnvægi er náð. Útkoman til neytenda er afar mjúk og vandaður rjómalíkjör sem flestir njóta beint úr kæli eða á klaka auk þess sem hann er kjörinn í kokkteila.



THE SPIRIT OF AFRICA
www.amarula.com



Unika fyrir þig



Vönduð rúmteppi og púðar



Úrval af luktum



Glerkúlur með ljósi



Lampar og ljósakrónur í öllum stærðum



Englar



**NÝTT
KORTATÍMABIL
7. DESEMBER**

**NÝR VEFUR
WWW.UNIKA.IS**

Komdu og skoðaðu ótal hugmyndir að borðskreytingum, jólakrönsum og öllu sem tengist hátíðunum.

Njóttu þess að versla í afslöppuðu umhverfi, láttu okkur um að þjóna og leiðbeina þér. Gerðu jólainnkaupin ánægjulega Unika upplifun.

HÁTÍÐAR OPNUNARTÍMAR:

Laugardaga:	11 - 18
Sunnudaga:	13 - 18
14 - 22 des.	10 - 22
Porláksmessa:	10 - 23
Aðfangadagur:	10 - 12
Jóladagur:	Lokað
Annar í jólum:	Lokað
27 - 30 des.:	10 - 18
Gamlársdagur:	10 - 12
Nýjársgdagur:	Lokað

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-18 og sun. 13-18
www.unika.is



Einn virtasti víngerðarmaður veraldar

Ástralinn Philip Shaw var aðeins 15 ára þegar hann hóf störf við víngerð og hefur allar götur síðan markað djúp spor í sögu víngerðar. Philip Shaw er hvað frægastur fyrir störf sín hjá Ástralska vínrisanum Rosemount og kom þeim framleiðanda á alheimskort vínahugamanna. Einnig var hann yfirvíngerðarmaður Lindemans og Penfolds. Philip Shaw var ekki einu sinni heldur tvisvar valinn víngerðarmaður ársins og hefur aðeins einum öðrum víngerðarmanni tekist að leika það eftir.



Nú er Philip Shaw kominn með eigin vínekrur þar sem hann framleiðir vín eins og honum finnst að vín eiga að vera - gjörsamlega laus undan oki markaðsmanna og baunateljara. Það stendur ekki á vínpressunni, hún heldur ekki vatni yfir víngerð meistara Philip Shaw.



Það eru þrjár mismunandi línur sem koma frá vínekrum hans í Orange Ástralíu:

Vín sem koma úr neðri hlíðum vínekrana og kosta 1190 kr.

Rolling Chardonnay

Rolling Shiraz

Rolling Cabernet Merlot

Vín sem koma úr efri hlíðum vínekrana og kosta 1490 kr.

Climbing Chardonnay

Climbing Shiraz

Að lokum eru það svo eðalvínin sem hann nefnir eftir sjálfum sér og kosta 2490 kr. :

Philip Shaw NO 11 Chardonnay

Philip Shaw NO 17 Merlot-

Cab.Sauvignon- Cab. Franc



Öll þessi vín fást í stærri Vínbúðunum (Kjarnavara).

Hátíðarlamb



Nýtt á Íslandi



Nú á aðventunni kynnir Sláturfélag Suðurlands sérvalið og hálfúrbeinað hátíðarlamb, sem tilvalið er á jóladiskinn. Um er að ræða léttsaltað og léttreykt lambalæri sem marinerað er í bragðgóðri fimmberjablöndu. Hún er sæt blanda sérvalinna berja og eru bláber í aðalhlutverki. Hátíðarlambið er mjög safaríkt og þykir einstaklega gómsætt og girnilegt. Það er komið í allar helstu verslanir og með því fylgir tillaga að hátíðlegu meðlæti og matreiðslu, sem allir ættu að prófa.





Jólabréfið í ár

Margar fjölskyldur eru nú farnar að taka upp á hinum stórskemmtilega sið að skrifa jólabréf sem fer með kortunum hvert ár. Bréfið er gjarnan skrifað á tölvu og prentað út, á meðan kortið er persónulegt og gjarnan með mynd af fjölskyldumeðlimum. Það er þó allur gangur á myndunum sem sendar eru. Jafnvel eru dæmi um einhleypar konur og menn sem senda sæta mynd af sér til að hægt sé að stilla henni upp í stofunni ef ákjósanlegir piparsveinar og meyar ber að garði yfir hátíðirnar út um borg og bæ. Jólabréfið er hins vegar ekki á biðilsbuxunum. Bréfið er eins konar yfirlit yfir árið sem er að líða og á þessum síðustu bloggtímum og barnalandsárum, er algengt að fólk kíki yfir farinn veg á bloggji og barnalandi til að fá innblástur við jólabréfaskrifin. Þetta er

hið hefðbundna jólakort. Þar er sagt frá merkisatburðum fjölskyldunnar eins og barnsfæðingum, fermingum, brúðkaupum og merkjum árangri í námi eða starfi. En líka daglegu lífi. Enn aðrir ganga enn lengra og senda hljóðupptökur eða dvd disk með völdum myndbands skeiðum frá árinu sem er að líða. Það er sérlega skemmtilegt fyrir fjölskyldur erlendis að láta vita af sér á þennan hátt og fylgjast með öðrum. En kannski líka fyrir fjarskyldari ættingja og eldri kynslóðina sem ekki er jafn ginnkeypt fyrir hinum stafræna blogg og barnalandsheimi. Jólabréf er málið í ár og ekki seinna vænna að hefjast handa. Það þarf að láta taka myndirnar, gera drög af bréfi, kaupa kortin, frímerki og umslög. Síðan þarf bara að finna kvöldið þar sem allir geta verið án sjónvarpsins, skella jólamúsík á fóninn við kertaljós og hefjast handa.



Sigga & Tímo

G U L L S M Í ð I

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Baci

Tojáðu þig með
KOSSUM

Með hverjum
Baci súkkulaðikossi fylgja
skemmtileg skilaboð um
ást og vináttu.



Mjúkt múggat, ristadar heslihnetur, dökkt gædasúkkuláði

Heill pakki af kossum!

Baci súkkulaðikossarnir fást í mismunandi
umbúðum sem henta til gjafa við öll tækifæri.



ENNEBBI / SIA / NMI9106



Freistandi smásúkkulaðimolar með jólakaffinu. Sex karamellusúkkulaðitrufflur í pakka kosta 595 krónur.



Glaðbeittir snjókallar með salti og hvítum pipar kosta 750 krónur parið.



Paul í Pipar og salti afgreiðir ánægðan viðskiptavin í versluninni.

Pipar og salt og ýmislegt annað í Pipar og salti

Fyrir jólin verður Pipar og salt við Klapparstíg að algerrí jólabúð. Þá fyllist verslunin af alls konar jólaskrauti, jólamat, jólabrjóstsykri og sultum sem kemur frá Bretlandseyjum en er orðið ómissandi á mörgum íslenskum heimilum á jölonum. En þótt jólamaturinn sé oft kryddaður alls kyns dýrum kryddum þá má ekki gleyma grundvallaratriðinu sem er auðvitað pipar

og salt. Þessi fastakrydd eiga líka skilið að fara í sérstakan jólabúning enda er þeirra ekkert síður þörf á jölonum en á öðrum árstímum. Og auðvitað má finna fjölbreytt úrval pipar- og saltstauka í Pipar og salti og ýmislegt annað líka. Gæti verið hugmynd að gefa ætílega gjöf, sem gleður yfir hátíðirnar en safnar ekki ryki næsta sumar ...



Á jölonum er gaman að bjóða upp á eitthvað alveg sérstakt eins og jarðarberjasultu með kampavíni og grænar fikjur í koniakslegi. Sultan kostar 350 krónur en fikjurnar 1300.



Heilmiklu máli skiptir hvernig jólakræsingarnar eru tilreiddar og færðar af fati. Jólaveinaostahnifurinn kostar 495 krónur, skrautlegi smjörhnifurinn og jólasveinskeiðin kosta 395 krónur hvort.



Þessir tveir ítalskættuðu kokkajólaveinar bera á sér helstu nauðsynjarnar, pipar og salt. Þeir kosta 1800 krónur saman.



Fallegar og jólalegar salt- og piparkvarnir gefa jólaborðinu lit. Þær kosta 5900 krónur parið.



Beliss Bylting frá Babyliss Paris

Nú getur þú þurrkað, blásið og sléttað hárið á helmingi styttri tíma en áður.

Með beliss þurrkar þú og sléttar krullað, hár, þykkt hár, úfið hár, alveg frá rótum og fram í enda.

Öflugur blásari og ceramic sléttun gerir hárið silkimjúkt og glansandi

Ný, einföld en fagmannleg hönnun fyrir þig að nota.

BE liss
Gerir fallett hár fallegra

BaByliss
PARIS



Sælinði, krydd og indælis allt

Um jólin reyna allir að veita sér eitthvað í mat og drykk sem ekki er á borðum á hverjum degi. Í enskumælandi löndum er talað um að „sugar and spice and everything nice“ geri jólin jólaleg og það á sjálfsagt við hérlandis líka. Alls konar krydd eru tengd við jólin og líka þurrkaðir ávextir, hnetur, marsipan og eðalsúkkulaði. Sjálfsagt hefur þetta allt einhverja merkingu og er mjög hollt fyrir okkur í ákveðnu magni og samhengi. En á jölunum á bara að hafa það gott, njóta þess að vera til og borða góðan mat.



Þúðursykur er aðeins hollari en venjulegur sykur og gefur líka miklu betra bragð og jólalegri áferð.

Sultuð kirsuber má snæða ein og sér og svo eru þau falleg til skreytinga.

Möndlur eru til ýmissa nota og meðal annars uppistaðan í möndlumassa sem í daglegu tali nefnist marsípan.

Þurrkaðir ávextir eru góðir beint úr lófa en einnig er gott að setja þá út í heita drykki og kökur.

Súkkat finnst sumum ómissandi í jólabaksturinn.

Negulnaglar fara vel í mandarínnum og gefa þá góða angan. Þeir eru líka góðir út í jólaglög með fullt af rúsínum.

Flórsykur er fyrirtaks gervisnjór og gerir allan mat jólalegri.

Besti Víking jólaljórinn frá upphafi?

Víking jólaljórinn er nú kominn í sölu í áfengisverslunum og helstu veitingahúsum landsins. Þetta er fimmtánda árið sem Víking framleiðir þennan vinsæla og sérstaka bjór. Jólaljórinn var fyrst framleiddur árið 1990 og er nú hluti af jólahaldi landsmanna. Var m.a. mest seldi jólaljórinn í fyrra.

Fjórir landskunnugir vínsmakkarar hittust til að smakka jólaljórinn í síðustu viku. Dominique Plédel Jónsson frá Gestgjafanum, Einar Logi Vignisson frá Fréttablaðinu, Steingrímur Sigurgeirsson frá Morgunblaðinu og Porri Hringsson frá Bistró.

Bruggmeistarinn telur jólaljórinn einn þann best heppnaða frá upphafi og það var samdóma álit vínsmakkaranna að Víking jólaljórinn væri sérlega góður í ár. Karamellan nýtur sín einstaklega vel í bjórnum og gefur ljúffengt og gott bragð. Vínsmakkararnir töldu Víking jólaljórinn vel fylltan án þess að hann væri of flatur eða of sætur. Þeir voru sammála um að áfengið í bjórnum væri í góðu jafnvægi og eftirbragðið langt og mjúkt.

Þeir töldu mikilvægt að jólaljórinn væri framreiddur kaldur en þó ekki um of þar sem maltbragðið nýtur sín betur ef bjórinn fær að jafna sig eftir að hann er tekinn úr kælskápnunum. Best væri að taka hann úr ísskápnunum um klukkutíma fyrir neyslu.

Bruggun jólaljórsins er sérstök, en talsvert lengri tíma tekur að brugga hann en hefðbundinn lagerbjór. Hann er því aðeins framleiddur í takmörkuðu magni.

Í jólaljórinn er notað svokallað karamellumalt, sem gefur honum dekkri lit og keim af brenndri karamellu. Þá er einnig afar sérstakt við framleiðslu jólaljórsins að hann er látinn eftirgerjast við lágt hitastig þegar aðalgerjuninni er lokið. Þessi vinnsluaðferð gefur jólaljórnum þétt og mjúkt bragð, mikla fyllingu og góða froðu. Það gerir einnig að verkum að jólaljórinn hentar einkar vel með hvers konar mat og smáréttum en hann er einnig frábær einn og sér.



G

Nýr Glæsibær

**Flott úrval af undirfatnaði
í jólapakkan hennar!**

3 fyrir 2

*Pú velur þrjú
sett og greiðir
fyrir tvö dýrari.*

Sjáumst!

Cos

Glæsibæ sími 588 5575

Frábær jólatilboð hjá Sjón

Linsutilboð

3-ja mán. skammtur
aðeins

3.500,-

2 fyrir 1

Sérstök sending
af nýju 2007
línunni komin!

SJÓN
glæraugnaverslun

Laugavegi 62
sími 511 6699

Garðatorgi
sími 511 6696

www.sjon.is
sjon@sjon.is

**Mjúkir
pakkar
eru góð
gjöf**

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0970
www.damask.is



**Úrval af
pílsum,
kjólum
og
toppum**

Tískuvöruverslunin
CHA*CHA
Glæsibæ

Innigallar

**Bómullar- og
velúrgallar
fyrir konur
á öllum aldri**

Margar gerðir

Stærðir 10 - 22

**Einnig vesti
og buxur**



Verið velkomin

**SNYRTIVÖRUSLUNIN
GLÆSIBÆ**
Sími: 568 5170



**Jóla-
gjafirnar
fást í
Twizzt**

**Töff skart, töskur, belti, snyrtivörur,
hárskraut, sokkar, húfur, vettlingar,
treflar og margt sniðugt fyrir
jólasveinana**

Twizzt skart og
fylghlutir
Firði Hafnarfirði og Glæsibæ

Lúsíuhátíð gengur í garð

Hátíð heilagrar Lúsíu fer fram 13. desember. Hátíðin á sér langa hefð í Svíþjóð, en einnig á hinum Norðurlöndunum.

Þar gengur Lúsían fremst í flokki með lýsandi kórónu á höfði og á eftir henni ganga þernur hennar með kertaljós, allar klæddar í síða hvíta kjóla. Hátíðin fer oftast fram í grunnskólum og leikskólum fyrir börnin en einnig í kirkjum og stofnunum. Á Íslandi er þessu síður að færast í aukana og ekki bara meðal Svía eða þeirra sem hafa búið á Norðurlöndunum.



Í tilefni hátíðarinnar eru síðan bökuð Lúsíubrauð sem eru formuð sem geislar sólar og minna á birtu og yl þegar skammdegið er sem mest. Lúsían gengur um í myrkrinu með lýsandi röð af stúlkum á eftir sér færandi brauð og kaffi þar sem stúlkurnar syngja sérstakt Lúsíulag. Lúsíudagskrá fer fram í Norræna húsinu klukkan 9.00 að morgni 13. desember í boði sænska sendiráðsins og félags Svía á Íslandi og sama kvöld kl. 19.00 eru síðan Lúsíutónleikar í Grafarvogskirkju í boði félags Svía.



Heilög Lúsía var dýrlingur blindra og sjónskertra og færir ljós í myrkri.


Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRDUSTÍG

Veistu ekki hvað á að gefa mömmu og pabba í jólagjöf?

Ostakörfurnar frá okkur eru tilvalin gjöf sem verður vel nýtt!


Taktu þátt í sælkeraleik á netinu.
www.ostabudin.is

Ostabúðin Delicatessen - Skólavörðustíg 8 - Sími 562 2772 - ostabudin@ostabudin.is
Opíð viku daga 11:00-18:00 - laugardaga 11:00-14:00


TE & KAFFI



Nýtt frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

stundin - bragðið - stemningin



LAURA ASHLEY

Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 551-6646

Höfum opnað nýja, breytta verslun við austurenda hússins

Þú ert að of-jóla ef...

... þú bakar smákökur í svefni.
... jólín eru ónýtt bara af því að það er smákusk í einum eldhússkáp.
... þú ræður ekki við þig og segir: „hangikjöt“ í öðru hverju orði.
... gæludýrið þitt hangir til reykingar.
... það þarf að virkja sérstaklega til að knýja útiljósaseríurnar heima hjá þér.
... þú finnur ekki börnin fyrir englahári.
... þú fönðrar úr smákökunum frá í fyrra.
... þú ert búin/n að pakka öllum jólagjöfunum inn fjórum sinnum.
... þú réðst á jólasvein í morgun og öskraðir: „Láttu mömmu mína í friði!“
... þér var vísað út af fæðingardeildinni með fullt fangið af gulli, reykelsi og mirru.
... þú rankar við þér þar sem þú ert að ryksuga maka þinn.
... þú stofnar þitt eigið pósthús til að bera út öll jóla-kortin.
... þú ráðstafar hverri mínútu til jóla þrisvar sinnum.
... þú finnur upp tengsl og skyldleika við ólíklegasta fólk bara til að geta gefið því jólagjöf.



VANTAR ÞIG HUGMYND AÐ GÓÐRI JÓLAGJÖF?

Mikið úrval af veskjum, skjalatöskum, ferðatöskum, seðlaveskjum, að ógleymdu hinu landsfræga úrvali af dömu- og herrahönskum.



Leðurtaska, lítil 9.700.-
stór kr. 10.700.-



Taska kr. 4.800.-



Taska kr. 4.800.-



Hanskar kr. 5.400.-



Adax leðurtaska
kr. 17.500



Leðurtaska
kr. 10.700.-



Leðurtaska kr. 13.800.-



Adax leðurtöskur,
lítil 13.500.-, stór 19.800.-

Töskunog hantabúðin ehf.
Höfnun og útskipting. Smáttal: 5522.1111. Fax: 5522.1111

LÁTTU LJÓSIN TALA

Ljósahönnun á heimsmælikvarða

S. Guðjónsson er í fremstu röð í sölu á raf- og lýsingarbúnaði á Íslandi og býður upp á heimsfræg vörumerki, t.d. GIRA, Bticino, Modular, Kreon og Regent.

Hægt er að fá þráðlausa stjórnun rafbúnaðar. Ótrúlegir möguleikar og mikið úrval.

Sjón er sögu ríkarí. Komdu við hjá okkur og skipuleggðu framtíðarheimilið í réttu ljósi.




S. GUÐJÓNSSON

Auðbrekku 9-11
200 Kópavogur
Sími: 520 4500
Fax: 520 4501

sg@sg.is
www.sg.is

Bókin sem fólk VILL lesa!

Þýtur upp metsölulistana!



Guðrún er sem
þjóðsagnapersóna
og ekki að undra:

**Skemmtileg
og skorinoró
– og skilningsrík**



Fólk á skilið
að fá skemmtilega bók!

Saga Guðrúnar J. Halldórsdóttur,
fyrrum skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur
og þingkonu Kvinnalistsans.
Merkileg saga mikilhæfrar konu
sem hefur haft fádæma áhrif til góðs.



Vönduð gjafabók



Gullfalleg og skemmtileg bók
eftir tvo meistara máls og mynda.



Glettinn texti og finar,
spaugsamar myndir eftir verðlaunahöfund.

PAE
BOKAÚTGAFAFAN
ÆSKAN

Hamingjan er ekki undir pálmatrjámum

Lykillinn að hamingjunni er víst fundinn í Svíþjóð því samkvæmt sænskum vísindamönnum við Gautaborgarháskólann í Svíþjóð er það vinnan sem göfgar manninn.

Niðurstöður rannsóknanna bentu til þess að hvítar strendur undir pálmatrjám væri alls ekki það sem gerir okkur hamingjusöm heldur er það vinnan sem vekur mesta kátínu til lengri tíma litið.

Stórir happdrættisvinningar og markmið sem nást í vinnu gefa aðeins tímabundna gleðtilfinningu meðal þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Þeir sem voru glaðastir voru þeir sem stöðugt fundu sér ný markmið, höfðu fyrir hlutunum og voru stanslaust að. Þetta kemur fram á vef BBC News þar sem breskir sérfræðingar í hamingju okkar mannfólksins segjast

vera sammála svo fremi vinnan sé við hæfi. Ef við fáum að nýta meðfædda hæfileika okkar í vinnu og rækta góða eiginleika erum við oftast glöð. En ef við erum í vinnu sem ekki hentar okkur, er sama hversu mörgum markmiðum við náum og hversu iðin við erum. Þetta segir Averil Leimon hjá British Psychological Society við BBC News. Leimon segir einnig að traust bönd við vini og fjölskyldu megi ekki gleymast þegar þættir hamingjunnar eru skoðaðir. Íslendingar hafa löngum verið þekktir fyrir iðjusemi svo kannski er bara málið að finna sér aðra vinnu ef maður er ekki hamingjan uppmáluð. En það er nú samt alltaf gott að taka sér frí og varla getur spillt fyrir hamingjunni að vera undir pálmatrjám bara endrum og eins.



Jólaátakinu sleppt

Jólin koma með öllum sínum kræsingum. Hamborgarhryggur og purusteik, brúnaðar kartöflur og rauðkál, ís og konfekt. Allt þetta ratar í miklu magni upp í munninn á okkur og ofan í maga og að lokum á bumbuna. Þá þarf að fara í átak eftir jólin til að komast í fötin fyrir árhátíðina í febrúar.

Það er algjör óþarfi að fara í þetta átak. Miklu einfaldara er að borða ekki yfir sig í hvert mál yfir jólin. Það er engin ástæða til að lifa munkalífi en það er enn minni ástæða að troða sig út þrettán daga í röð. Förun bara varlega í steikina og okkur líður mun betur á meðan og eftir.

Hugleitt gegn jólastressinu

Ekki þarf að fjölyrða um það stress sem fylgir jólunum. Hver hefur sinn hátt á að fást við þetta stress en stundum er svo komið fyrir okkur að ekki er hægt að treysta á gömul ráð. Hugleiðsla getur þá bjargað okkur en henni fylgja óteljandi kostir og einn af þeim er að ráða niðurlögum stress og kvíða. Hér er ein einföld aðferð sem allir geta nýtt sér án þess að þjálfa hugann sérstaklega.

Taktu hlut sem er frekar flókinn að gerð og helst gerður úr fleiri en einu efni. Blóm, eins og rósir, eru tilvaldar en hlutir eins og fjarstýring eða sími duga vel. Komdu þér vel fyrir í einrómi og byrjaðu að skoða hlutinn gaumgæfilega. Veltu

fyrir þér öllum smáatriðum, hvern ið þau koma til, hver saga þeirra er og tilgangur. Notaðu fingurna til að finna áferð, nefið til að lykta af hlutnum, augun til að skoða og jafnvel tunguna til að sleikja. Berðu saman mismunandi hluta og ekki láta neitt framhjá þér fara. Með þessu ættirðu að ná að útiloka umhverfið og áhyggjurnar. Það gerist ekki áreynslulaust en það gerist að lokum. Í byrjun er líklegt að þú missir áhugann eftir nokkrar mínútur en það skiptir engu máli. Þetta er einfaldlega spurning um einbeitingu. Náir þú að gleyma þér í smá stund verða vandamálin léttvægari eftir á og hugurinn rólegri.





Emilía Örylgsdóttir
elur upp

Mamma send á markaðinn

Fljótlega eftir að ég eignaðist son minn fyrir fimm árum síðan var mér bent á að nú þyrfti ég að fara að finna mér mann. Rökin voru þau að best væri að vinna í þessu á meðan börnin væru lítil því eftir því sem þau yrðu eldri, þeim mun ósáttari yrðu þau við að deila mömmu sinni með einhverjum öðrum. Ég lét þessar ráðleggingar hins vegar sem vind um eyrun þjóta og einbeitti mér bara að uppeldi sonar míns. Enda er ég búin að komast að því að þetta er sennilega ekki rétt í öllum tilfellum.

Síðasta árið hefur sonur minn nefnilega stanslaust verið að spyrja mig hvenær ég ætli eiginlega að fá mér kærasta þar sem hann vill endilega að við stækkum fjölskylduna. Til að byrja með eyddi ég þessum umræðum alltaf en á endanum sagði ég honum að ég væri bara að bíða eftir að einhver yrði skotinn í mér. Syni mínum fannst þetta ekki gott svar og greinilegt að ég hefði ekki mikið vit á makaleit. Hann ákvað því að fræða mig um það að svoleiðis virkaði þetta ekki því ég yrði að fara út og ná mér í mann sjálf.

Síðan þá hefur hann ítrekað boðist til þess að gista hjá vinum og vandamönnum til þess að ég geti farið út að leita, sem er svolítið athyglisvert því áður gat hann varla hugsað sér að eyða einni einustu nótt að heiman. Mannaveiðarnar hafa hins vegar ekki gengið sem skyldi og hann er því farinn að álíta að vandamálið geti verið flóknara en svo að ég fari ekki nógu mikið út.

Í fyrsta lagi telur hann að hluti vandans geti verið að ég sé ekki nógu kvenleg til þess að ganga í augun á hinu kyninu. Þegar við förum í búðir núna dregur hann því endalaust fram kjóla og pils og segir mér að ég gæti nú verið svolítið sæt í þessu. Um daginn gekk þetta svo langt að hann reyndi að fá mig til þess að fara með eyrnalokka í vinnuna en þegar ég harðneitaði því benti hann mér á það að í vinnunni væru strákar og kannski myndist einhverjum ég sæt með eyrnalokkana.

Annað sem honum finnst að hjá mér er að ég er alltof kröfuhörð að hans mati. Alltaf þegar við sjáum einhverja gaura á mínum aldri spyr hann mig hvernig mér finnst þeir og þegar ég viðurkenni að mér finnst frekar lítið til þeirra koma reynir hann hvað hann getur að sannfæra mig um ágæti þeirra. Þegar ég læt ekki sannfærast segir hann bara að ég geti ekki látið svona því ég verði að fá mér einhvern. Í þriðja lagi telur hann að ég flæki hlutina of mikið. Einhvern tímann þegar hann var að þrýsta á mig að fá mér kærasta sagði ég honum nefnilega að þetta væri ekkert einfalt. Ég benti honum á að það væri ekki nóg að ég myndi einhvern sem mér þætti sætur því hann þyrfti líka að vera góður við hann. Þá benti hann mér á það í staðinn að allir sem ég þekkti væru góðir við hann svo líkurnar á að ég lenti á einhverjum sem væri það ekki væru frekar litlar.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst þínulítið fyndið að fimm ára barnið skuli halda að það hafi meira vit á því hvernig á að ná sér í maka en rígfullorðin móðir þess. Hins vegar verð ég stundum dálítið þreytt á að hva með stefnumótþjónustu og er því farin að velta því fyrir mér hvort að það hefði kannski verið betra að klára þetta af á meðan sonur minn var ennþá of lítil til þess að hafa skoðanir á málinu.


Jólagjafir litlu barnanna

Öllum börnum finnst gaman að fá gjafir og flestum þeirra finnst ekki síðra að gefa þær. Mikilvægt er að leyfa börnunum að taka þátt í að velja þær gjafir sem þau gefa um jólin svo að þau fái að njóta tilfinningarinnar sem fylgir því að velja eitthvað fallett handa sínum nánustu. Ef tími er til er líka ágætt að leyfa þeim að búa til einhverjar gjafir því það gerir þær ennþá persónulegri og skemmtilegri. Gjafirnar þurfa ekki að vera stórar eða merkilegar því það er hugurinn á bak við gjöfina sem skiptir mestu máli og fátt gleður jafn mikið og gjöf sem er búin til af barni sem manni þykir vænt um.



Ævintýri fyrir börn

Alltaf er gaman þegar börnunum er sinnt og menn leggjast í metnaðarfulla útgáfu fyrir börn. Um þessi jól kemur út diskurinn *Ævintýralandið: Bergur og Bjartur í landinu sem einu sinni var*, og er ævintýraplata fyrir börn. Á plötunni segir frá ævintýrum bræðranna Bjarts og Bergs auk þess sem hún inniheldur átta sönglög. Bræðurnir eru leiknir af Jóhannesi Hauki Jóhannessyni og Guðjóni Davíð Karlssyni, eða Jóa og Góa eins og þeir eru oftast kallaðir, en þeir eru þekktir fyrir allt annað en leiðindi. Egill Rafnsson sér um tónlistina og sögumaður er Þráinn Karlsson. Bráðskemmtilegur diskur sem jafnvel fullorðnir geta haft gaman af.



Hress og hraust í ræktina og vinnu með *Lifestream* Spirulina!

Daði R. Kristleifsson, 18 ára
Lifestream Spirulina gefur mér
mjög mikla orku en ég finn ótrúlega
mikinn mun þegar ég tek það inn.
Þó svo að ég borði mjög hollt fæði er
það Spirulina sem gerir mér kleift
að hafa orku í allt sem þarf að gera
en ég er í skóla, vinnu, líkamsrækt
og æfi fótbolti. Hef miklu meiri
úthald og er hressari á morgnana.

Lífrænt Fjölvitamín

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Blaðgræna · Omega
GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

Greinilegur munur eftir
nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Til að fá jafnmikið af nokkrum völdum næringarefnum og í dagskammti
af Lifestream Spirulina þarf að borða:

- 7 gulrætur (betakarotín)
- 1 skál af fersku spinati (járn)
- 1 skál af hiðshrisgrjónum (kalíum)
- 1 glas af mjólk (kalk)
- 125gr. nautakjöt (prótein + B12 vítamín)
- 30gr. hveitigrassafla (bláðgræna)
- 1 hylki Kvöldvorósarolía (GLA fitusýrur)

Styrkir þjótt líkamann gegn kvefi og flensu

WHO Alþjóðlega Heilbrigðisstofnunin telur hágæða Spirulina ákjósanlegan
næringarauka fyrir börn og fullorðna. Mörg hundruð rannsóknir hafa verið gerðar á
Spirulina og fjöldi þeirra hefur birst í virtum vísindaritum. Lifestream Spirulina eflir
einbeitingu, gefur orku, dregur úr pirringi, sleni og sætindabörf.
Gott fyrir alla sem eru í vinnu, námi og vilja halda línnum í lagi.

Súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin.

Lifestream þörunarnir eru ómengaðir vegna þess að þeir eru ræktaðir í
ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001





Tryggvi Gunnarsson
segir kynjasögur

Gleðileg límmiðajól

Jólin og aðventan eru tími vonar. Allir kórar landsins vona að þeir geti safnað pening fyrir tónleikaferð til Noregs með adventutónleikum. Allar búðir vona að þær geti bjargað rekstrinum með jólavertíðinni og allir framapotarar vonast eftir jólabónus svo þeir geti keypt nýjan Pajero. Ekki mjög jólalegt, en þetta er það sem málið virðist snúast um.

Jólin snúast ekki bara um peninga. Þau snúast líka um ást. Ekki bara ást á eðalsníllingnum Jesú, ekki bara um móðurást og náungakærleik, heldur líka „kyss kyss eigum við að koma heim til mín eða þín“ ást. Slík ást er alveg frábær, en þegar hún og jól koma saman verður úr eldfim blanda. Jólin kalla á fullkomnun sem sjaldnast er til staðar og þá getur allt farið í háaloft, sérstaklega í samböndum. Ein af hættunum í þessu sambandi eru jólagjafir fyrir kærustur og kærasta.

Ég hef einu sinni átt kærustu um jól. Ég var bara unglingur þannig að gjafaval olli mér litlu hugarangri. Ég var búinn að hóta að gefa kærustunni eggjandi undirfót í pakka sem hún þyrfti svo að opna fyrir framan mömmu sína og þabba, sem voru vægast sagt ekki hrifin af selskap mínum og litlu prinsessunnar þeirra. Hún fékk mjúkan pakka frá mér og var svo viss að ég hefði staðið við hótunina að hún þorði ekki að opna pakkann fyrir framan foreldra sína. Eftir mikinn barning flúði hún inn í herbergi, opnaði gjöfina og kom svo út manna fegnust með smekklegan trefil og gullarmband.

Fyrstu jólagjafirnar milli para eru afskaplega viðkvæmar. Þær þurfa að vera í samræmi við lengd sambands og alvarleika og það verður að vera samræmi milli gjafanna. Félagi minn fékk skartgripa og rándýrar snyrtivörur frá kærustu sinni fyrstu jólin. Þegar hann opnaði pakkann vissi hann að hann var í vondum málum. Hann var búinn að skjóta sig illa í fötinn og það var ekkert sem hann gat gert til að stoppa blæðinguna. Gjöfin hans til hennar var nefnilega broskallalímmiðar. Það er kannski óþarfi að taka það fram en þau eru ekki saman í dag.

Annar félagi minn lagði ómælt erfiði á sig fyrir fyrstu jólagjöfina til sinnar spúsu. Hann tók myndir af hundinum hennar að þefa af ýmsum stöðum í húsinu og bjó til eins konar leiðarkort, eða fjársjóðskort, sem leiða átti hana að gjöfinni. Inn á milli hundamyndanna voru myndir af honum og kærustunni við ýmis tækifæri þar sem rómantíkin blómstraði. Full væmið fyrir mig, en fyrir ástfangið fólk afar falleg gjöf. Það sem meira er þá var hann að taka mikla áhættu því kærastan var búin að lýsa því yfir að hún væri lítt hrifin af vellu og rómantík.

Áhættan borgaði sig og hún hringdi með tårin í augunum til að þakka honum fyrir þessa frábæru gjöf. Hún hins vegar fattaði ekki að myndirnar af hundinum voru fjársjóðskort og var alsæl með albúmið sitt og hafði ekki hugmynd um að það væri meira. Félagi minn hugsaði með sér að þarna hefði hann getað sparað sér nokkra þúsundkalla og sleppt alvöru gjöfinni. Hann útskýrði málið og hún varð enn ánægðari. Þau, öfugt við broskallasníllinginn, eru enn saman.

Gjöf til maka er alltaf eldfimt mál. Hvað þú gefur segir mikið um bæði þig og sambandið. Það eru engar styttri leiðir og engar auðveldar lausnir. Það þarf að leggja við hlustir, velja vel og leggja heilmikið á sig. Það er bara ein regla: Ekki gefa broskallalímmiða.

Jólaprakkarinn

... í búðinni skaltu skipta út öllu dótinu í innkaupakerrum hjá fólki þegar enginn sér til og fylgjast svo með fólkinu fara yfirum af jólastressi.

... plataðu jólasveininn með því að setja alveg fullt af skóm út í glugga. Þá færðu miklu fleiri gjafir.

... laumastu í kallkerfið í matvöruversluninni og auglýstu helmingsafslátt af Nóa konfektí á gangi fjögur. Veittu svo þeim verðlaun sem var fyrstur á staðinn og útnefndu hann „jólainnhamstrara ársins“.



... hóttaðu öllum jólasveinum sem þú sérð að toga niður skeggið þeirra komi þeir ekki í mat til þín á aðfangadagskvöld.

... borðaðu allt súkkulaðið úr dagatalinu og fylltu tómu hölfín með vaxi. Sjáðu svo svipinn á dagatalseigandanum þegar hann gerir tilraun til að borða vax.

... hangtu niðri á jólatræssólunni og talsettu tilfinningar jólatrésins sem er um það bil að yfirgefa æskuheimilið sitt til að búa hjá nýrri og ókunnugri fjölskyldu.

sjörnuspá

8. – 14. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Allt gengur hrútum í hag um þessar mundir, svo vel að hann þarf að gæta sín að verða ekki kæruleysinu að bráð. Ekki gleyma þér í gleðinni.



NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Nautið er ótrúlega mjúkt inn við beinið og þarfnast reglulega mikillar ástar. Leitaðu í knús og kelerí, eða fardu á stefnumót. Það veitir þér orku.



TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Tvíburinn er önnur kafinn þessa dagana, ávallt að hjálpa öðrum og gefa af sér. Ekki gleyma sjálfum þér kærri tvíburi, auðveldara er að sinna öðrum en sjálfum sér.



KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Krabbanum yrði heillavænt að bera upp bónorð dagana framundan. Hann ætti að játa ást sína fyrir þeim eða þeirri sem á hug hans allan.



LJÓNÍÐ 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Ljónið hefur leitað svoltíð inn á við síðustu vikur og verið ómannblendíð. Ljónið ætti nú að vera búið að safna nægri orku til að demba sér í jólagleðina.



MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPT.

Hugrekki er stór kostur og meyján þarf á því að halda vikuna framundan. Erfið mál gætu komið upp. Meyján þarf að taka á sínun stóra, sem ætti að vera henni auðvelt.



VOG 22. SEPT. – 22. OKT.

Vogin ætti að leyfa huganum að reika og hugmyndunum að streyma niður á blað. Hvort sem það tengist vinnu eða daglega lífinu munu hugmyndirnar koma sér vel eftir jól.



SPORÐREKNI 23. OKT. – 21. NÓV.

Sporðrekinn á skilið að slaka á eftir ábyrgðar- og áhyggjufullan tíma. Fardu í eina dagsferð út á land eða lyftu þér upp á annan máta.



BOGMAÐUR 22. NÓV. – 21. DES.

Bogmaðurinn stendur vel á öllum vígstöðvum. Alle virðist ganga honum í hag og ætti bogmaðurinn að njóta þess til fulls í faðmi vina og fjölskyldu.



STEINGEIT 22. DES. – 19. JAN.

Steingeitin er mjúk eins og kettlingur þessa dagana enda á rómantíkinn hug hennar allan. Steingeitin ætti loksins að opna hjarta sitt. Ekki hika, kyldu á það.



VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEB.

Vatnsberanum fer vel úr hendi að leiðbeina öðrum. Nú er hins vegar komið að vatnsberanum að taka leiðsögn og hlusta. Einhver hefur mikilvægu að miðla til þín.



FISKAR 19. FEB. – 20. MARS

Finnist fiskunum sem óheppni hafi elt þá uppi síðustu daga ættu þeir ekki að láta það buga sig. Miklir happadagar eru framundan með óvæntum ávinningum.



*Torur að taka upp spennandi
fatnað fyrir jólin! ...einnig stórar stærðir*



3.995.-

3.995.-

La Femme
Luxury Bodouir

Laugavegi 4
Sími 511 1050

www.minnsirkus.is/sirkustv

VATNAND

SIRKUS
06/07

SO YOU THINK YOU CAN DANCE

MÁNUDAG KL 21:30

Dansinn heldur áfram og baráttan
hardnar í hverjum þætti. Hver verður
sendur heim næst?



SIRKUS TV

90% HEIMILA NÁ SIRKUS TV Á ADSL KERFINU, BREIBBANDINU, DIGITAL ÍSLAND EN EINNIG ER HÆGT AD NÁ SIRKUS TV MEÐ VENJULEGU UHF LOFTNETI



© VÍKINGUR

Björgvin lagður í einelti...
... í næsta þætti **TEKINN**



